

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
1.1	Albert Svan Sigurðsson	Starfsleyfi, Loftslagsmál	Allt tal um bestu fáanlegu tækni (BAT) er hjóm eitt og dugir ekki til mengunarvarna þegar síendurtekið hefur er að kvikna í þessum verksmiðjum með tilheyrandi truflunum á rekstri ofna ásamt öðrum rekstrartruflunum. Alltaf þegar drepíð er á ofni eða truflun verður í kísilverksmiðju berst út mikil mengun þar sem brennslan verður ófullkomin. Það á við bæði við kólnun og endurhitun ofna. Þá virkar ekkert BAT. Síðan þegar ofnar verksmiðjanna eru í fullri framleiðslu þá spúa þeir út gróðurhúsalofttegundum eins og enginn sé morgundagurinn. Yfirlýst markmið Íslendinga, þar með talið sumra fjárfesta sem nú vilja endurræsa í Helgúvík, er að minnka slíkan útblástur.	Endurbætur fela í sér breytingar á búnaði og verklagi til að auka stöðugleika og öryggi í rekstri. Þá mun öll losun fara um skorstein sem bætir loftgæðin í nágrenni verksmiðjunnar. Losun gróðurhúsalofttegunda hefur hnattræn áhrif og tekið er á sameiginlegri losun iðnaðarins í Evrópu með viðskiptakerfi með losunarheimildir.	5, 6
1.2	Albert Svan Sigurðsson	Loftgæði	Tveir strompar á verksmiðjuna munu litið sem ekkert bæta varðandi heilsufarsáhrif mengunar frá kísilverksmiðjunni í Helgúvík á íbúa í nágrenninu. Það sýna einmitt síðustu spálíkon og vindrósir sem Arion hefur látið útbúa.	Niðurstöður líkanreikninga sýna að dreifing útblástursefna í andrúmslofti er mun betri með losun um skorsteina en um rjáfur síuhúss og styrkur efna þá mun lægri við jörðu.	8.1
1.3	Albert Svan Sigurðsson	Mótmæli	Mengun sem hlýst af kísilveri í nágrenni Helgúvíkur er ekki ásættanleg fyrir íbúa Reykjanesbæjar. Því hér er um heilsu okkar að ræða og skerðingu lífsgæða. Það má líkja þessu við skipulagsslys sem skaðar ímynd bæjarins.	Víða í Noregi hafa kísilverksmiðjur verið reknar í nágrenni við íbúabyggð í marga áratugi. Rekstur kísilverksmiðjunnar í Helgúvík eftir endurbætur verður í samræmi við kröfur sem settar verða í starfsleyfi og loftgæði auk fleiri þátta verða vaktar til að tryggja að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt.	
2.1	Andri Freyr Stefánsson	Almennt	Þann 7. maí sl. tilkynnti Skipulagsstofnun að undangenginni tilkynningu Stakksberg til stofnunarinnar umfjöllun frummatsskýrslu um endurbætur á kísilverksmiðju Stakksbergs í Helgúvík. Tillagan væri til kynningar 8. maí og að athugasemdir skyldu berast eigi síðar en 26. júní nk. Þetta er algjörlega í takt við taktleysi Stakksbergs en samráð þeirra við íbúa hefur verið með þeim hætti að samráðstímabilin hafa jafnan verið stutt og tímasett þannig að flestir eru í sumarfríum eða í jólaundirbúningi á sama tíma.	Frestir til að skila inn athugasemdum hafa verið samkvæmt ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum þar sem það hefur átt við en Skipulagsstofnun auglýsir tillögu að matsáætlun og frummatsskýrslu til kynningar. Skipulagsstofnun lengdi athugasemdafrest vegna tillögu að matsáætlun og einnig var lengdur frestur til að skila inn athugasemdum á samráðsgátt Stakksbergs, á meðan á vinnslu frummatsskýrslu stóð, fram á haustið 2019.	
2.2	Andri Freyr Stefánsson	Ásýnd	Í ... athugasemdum benti ég á það að bæjarmynd Reykjanesbæjar hafi laskast verulega við byggingu kísilver Stakksbergs og þegar skorsteinninn væri svo kominn upp þá væri varla hægt að tala hér um fallega bæjarmynd. Fjarskiptamastur eru oft 30 metra há en skorsteinninn hjá Stakksbergi verður hvorki meira né minna en 52. metra há.	Stærstu mannvirki 1. áfanga verksmiðjunnar eru þegar risin og metið er að viðbót skorsteins, þó hann verði vissulega hár, hafi óveruleg áhrif á ásýnd.	8.8

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
2.3	Andri Freyr Stefánsson	Loftgæði, lykt	Þá benti ég á að síldarbræðslurnar hafi reynt það sama og Stakksberg hyggst reyna nú en peningalykt síldarbræðslanna var áfram umliggjandi þær þrátt fyrir strompana og að sama skapi má ætla að gjaldþrotalyktin verði áfram umliggjandi Stakksberg þrátt fyrir 52 metra háan strompinn. Ég benti á að ríkjandi vindáttir hér í bæ væru norðlægar áttir og að mengun, sér í lagi dreifing rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) yrði stefnt yfir rótgróna íbúðabyggð, skóla, leikskóla o.fl. í tillögu Stakksbergs var búist við að minnkaðar líkur væru á því að lykt myndi finnast með tilkomu endurbótanna en þar sem ekki lægju fyrir greiningarmörk lyktar vegna TVOC efna væri ekki hægt að fullyrða að lykt hverfi með öllu.	Tilkoma skorsteins og skorsteina við síðari áfanga mun bæta dreifingu útblásturs til muna eins og fram kemur í niðurstöðum líkanreikninga og styrkur efna með viðmiðunarmörk í reglugerðum verður vel innan þeirra marka. Niðurstöður líkanreikninga benda einnig til að mun minni líkur séu á að lykt muni finnast þar sem styrkur lækkar, sbr. t.d. mynd 8.11 í frummatsskýrslu, en þar sem greiningarmörk lyktar vegna VOC efna liggja ekki fyrir, þá er ekki hægt að segja til um þetta með fullri vissu.	8.1
2.4	Andri Freyr Stefánsson	Loftgæði, lykt	Í frummatsskýrslu Stakksbergs eru nú bara einhverjar spekulásjónir um VOC og síðan talað um að áhrif á heilsu séu verkfræðilega metin óveruleg. Í stað þess að rannsaka þennan mikilvæga þátt sem íbúar kvörtuðu sáran undan 2016-2017 þá er einungis fyrirhugað hjá Stakksbergi og ráðgjöfum þeirra að gera frekari mælingar á styrk VOC efna eða mat á lykt eftir að rekstur hefst að nýju og þá á sóttvarnarlæknir að verða fenginn til að fylgjast áfram með greiningum einkenna sem geta tengst loftmengun á svæðinu. Þetta fyrirkomulag er alls ekki ásættanlegt og gera verður kröfu til yfirvalda að þau hleypi ekki framkvæmdum af stað fyrr en þetta liggur algjörlega 100% ljóst fyrir.	Athugasemd krefst ekki viðbragða framkvæmdaraðila.	8.1
2.5	Andri Freyr Stefánsson	Starfsleyfi	Ég velti fyrir mér hvort það sé ekki nauðsynlegt að framkvæmdaraðili og eftir atvikum eigandi og ráðgjafi þeirra (svona í ljósi fyrri svika og gjaldþrotasögunnar) ábyrgist það með einhverskonar tryggingum ef síðar kemur í ljós að útreikningar þeirra sem þeir alhæfa um standast ekki? Hér væri einnig hægt að sníða starfsleyfið að framsettum hæsta reiknaða styrks eins og þarna kemur fram grænlistað þannig að ef verksmiðjan stenst ekki þessi viðmið að þá kalli það á afturköllun starfsleyfis þeirra enda eru þá forsendur brostnar. Það þyrfti a.m.k. að gera ráð fyrir því að ábyrgð núverandi eiganda gildi þrátt fyrir sölu á Stakksbergi í framtíðinni.	Rekstur verksmiðjunnar er háður starfsleyfi og haustið 2017 var þáverandi starfsemi stöðvuð af Umhverfisstofnun. Áfram gildir að til að starfsemin fái leyfi til að vera í gangi þarf reksturinn að vera í samræmi við ákvæði starfsleyfis svo og annarra útgefna leyfa og uppfylla viðmiðunarmörk í reglugerðum.	2

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
2.6	Andri Freyr Stefánsson	Ásýnd	Ég er afskaplega ósáttur við framsetningu mynda hjá Stakksbergi í öllu ferlinu og einnig í frummatsskýrslu þeirra, sbr. kafli 8.8. Afskaplega er það nú dapurt þegar ekki er hægt að sýna myndir í takt við raunveruleikann, þetta er mikið stærra í raun heldur en fram kemur á þessum myndum. Þá eru tölvumyndirnar væntanlega ekki að sýna raunverulega mynd af því hvernig allt á að vera eftir breytingar og geri ég athugasemdir við þetta.	Teknar voru ljósmyndir frá fyrirfram völdum sjónarhornum og framkvæmd myndatöku var í samræmi við erlendar leiðbeiningar sem vísað er til. Tölvulíkan af framtíðarmannvirkjum er t.d. sýnt á mynd 8.48 í frummatsskýrslu (8.49 í matsskýrslu) og það líkan er svo sett inn á ljósmyndir af núverandi stöðu mannvirkja á sama hátt og gert hefur verið fyrir fjöldamargar aðrar framkvæmdir.	8.8
2.7	Andri Freyr Stefánsson	Niðurstaða mats	Í samantekt yfir umhverfisáhrif í frummatsskýrslu Stakksbergs eru áhrif á samfélag það eina sem er jákvætt að þeirra mati. Annað telja þeir óverulegt en aðeins þrennt er talið nokkuð neikvætt. Þarna eru fjölmargir þættir sem ég hefði haldið að þyrftu að vera metnir frá öðru sjónarhorni en verkfræðilegu og geri ég athugasemdir við það.	Mati á vægi áhrifa hefur í nokkrum tilfellum verið breytt í matsskýrslu. Umhverfisáhrif vegna framkvæmda á mismunandi umhverfisþætti eru í eðli sínu oftast talin neikvæð eða þá óveruleg en geta þó einnig verið metin jákvæð. Áhrif eru metin í samræmi við lög og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum auk leiðbeininga Skipulagsstofnunar.	11
2.8	Andri Freyr Stefánsson	Núllkostur	Umfjöllun um núllkost, sbr. kafli 5.7.4 í frummatsskýrslu er verulega ábótavant, meðal annars með tilliti til samfélags og heilsu en þessi kostur samrýmist markmiði mínu og fjölda íbúa Reykjanesbæjar og er alveg raunhæfur kostur þó það samræmist ekki markmiðum Stakksbergs. Það hefði örugglega mátt stytta eitt og annað í þessari frummatsskýrslu en merkileg ófyrirleitni sem felst í því að gera eins lítið úr núllkostinum og Stakksberg gerir.	Núllkosturinn samræmist ekki markmiðum Stakksbergs um endurræsinguna á kísilverksmiðju í Helguvík. Í umfjöllun um núllkost kemur samt fram hvaða áhrifum er búist við og hvaða áhrifum ekki í samanburði við metin áhrif vegna reksturs verksmiðjunnar.	5.7.4
3.1	Atli Gylfason	Mótmæli	Það á ekki undir neinum kringumstæðum að endurræsa þessa verksmiðju! Þá ekki undir neinum kringumstæðum. Að mínu mati á svona stóriðja ekki heima svona nálægt byggð.	Athugasemd krefst ekki viðbragða framkvæmdaraðila.	
3.2	Atli Gylfason	Loftgæði	Skv. frummatsskýrslunni á þessi neyðarskorsteinn að dreifa betur lyktvaldandi efnum þegar hann er á skertu afli. Hvað gerist þá ... þá fæ ég óhreinsað loft með fullt af fínu kísilryki yfir mig... ekki raunhæft!	Gert er ráð að útblástur fari í gegnum síuvirki og upp í skorstein þegar ofn er á skertu afli. Útblástur verður eingöngu tekinn framhjá síuvirki eftir að slökkt hefur verið á ofni eða við mjög sérstakar aðstæður sem bundnar verða skilyrðum í skilgreindu verklagi og starfsleyfi.	8.1

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
3.3	Atli Gylfason	Mótmæli, loftgæði	Lýsir reynslu af áhrifum verksmiðju United Silicon á heilsuna, þ.m.t. öndunarfæri, augu og lykt. Og tekur fram að frummatsskýrsla sýni ekki fram á að það eigi að lagast. "Að þessu töldu þá má fastlega ætla sem svo að svona atriði til lengdar geta á engann hátt verið góð fyrir heilsuna. Hvernig má ætla sem svo að þetta hafi engin áhrif og/eða lítilsháttar? Hvernig má réttlæta það að ég og mín fjölskylda þurfum allt í einu og á Íslandi þar að auki að þurfa að fara berjast fyrir þeim grundvallarréttindum að anda að sér hreinu lofti???"	Útreikningar á dreifingu efna í lofti sýna fram á mun lægri styrk við jörðu við breytt fyrirkomulag losunar. Endurbætur fela í sér breytingar á búnaði og verklagi til að auka stöðugleika og öryggi í rekstri sem einnig dregur úr áhrifum á loftgæði í nágrenni verksmiðjunnar.	8.1
4.1	Ástríður Helga Sigurðardóttir	Ásýnd	Það er talað um að reisa ný mannvirki, þar á meðal 52 m. Háan skorstein. 52 m. hár skorsteinn mun verða mikil sjónmengun og er þó ekki á bætandi, þar sem núverandi verksmiðjan var byggð mun hærrí en leyfi var fyrir í upphafi, fyrir svo utan loftmengunina af þessari verksmiðju.	Skorsteinn stuðlar að betri loftgæðum og talið er að hann hafi lítil áhrif á ásýnd sem viðbót við þegar byggð mannvirki.	8.8
4.2	Ástríður Helga Sigurðardóttir	Loftgæði	Í skýrslunni stendur að niðurstöður útreikninga á dreifingu mengunarefna í andrúmslofti bendi til að styrkur verði alls staðar vel innan viðmiðunarmarka reglugerða eftir endurbætur á núverandi verksmiðju og að endurbætur á mannvirkjum muni bæta verulega dreifingu mengunarefna í andrúmslofti í samanburði við núverandi fyrirkomulag mannvirkja. Heyr á endemi. Eigendur verksmiðjunnar hafa alltaf þrætt fyrir að nokkur mengun sé af verksmiðjunni, a.m.k. sé hún svo lítil og „innan marka“ að það taki því ekki að tala um það. Ég á við öndunaryvandamál að stríða og þurfti oft að loka mig inni á meðan verksmiðjan var í gangi. Á góðvirðisdögum mátti ég hirst inni í steikjandi hita, loka öllum gluggum til að fá ekki óloftið inn til mín, halda mig skuggamegin í húsinu og draga fyrir alla glugga til að reyna að takmarka hitann í húsinu. Ég veit að svo var um fleiri íbúa Reykjanesbæjar, sem áttu við að stríða öndunaryvandamál af ýmsu tagi. Ég þarf ekki að láta aðra segja mér hvernig mér líður, hvorki einhverja skýrsluhöfunda né heldur verksmiðjueigendur, sem hugsa bara um veskin sín en ekki heilsu bæjarbúa og búa auk þess ekki á svæðinu og vita því ekkert um óloftið sem af þessu stafar.	Endurbætur fela í sér breytingar á búnaði og verklagi til að auka stöðugleika og öryggi í rekstri og stuðla þannig að því að þessi atvik sem lýst er endurtaki sig ekki. Breytt fyrirkomulag losunar leiðir til lækkunar á reiknuðum styrkgildum, sérstaklega næst verksmiðjunni og í nyrðri hluta íbúabygðarinnar.	8.8

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
4.3	Ástríður Helga Sigurðardóttir	Loftgæði	Við brennslu kola myndast þrjú skaðleg mengunarefni sem hafa áhrif á heilsu fólks. Þetta eru Brennisteinsdíoxíð (SO ₂), Köfnunarefnisoxíð (NO _x) og svífrík eða öragnir í andrúmsloftinu (PM). Vitað er að þessi efni eru einnig skaðleg í litlum mæli, einnig undir núgildandi viðmiðunarmörkum reglugerða. Verksmiðjan í Helgúvík er einungis í 2 km. fjarlægð frá byggð!	Til viðmiðunar eru umhverfismörk sem ýmist eru til verndar heilsu manna eða gróðri úr settum reglugerðum. Hæstu reiknuðu gildi eru vel undir settum mörkum fyrir þessi efni.	8.8
4.4	Ástríður Helga Sigurðardóttir	Loftslagsmál	Að flytja inn kol, með ænum tilkostnaði og brenna þau síðan, er langt frá öllum samþykktum um loftslagsmál og skuldbindingar Íslands varðandi losunarheimildir. Það eru allar líkur á að Ísland geti ekki staðið við sínar skuldbindingar hvað varðar Parísarsamkomulagið og verði því að kaupa sér losunarheimildir. Það hlýtur hver heilvita maður að sjá að rekstur kísilmálmverksmiðju, eins og þeirrir í Helgúvík er tímaskekkja, skelfileg tímaskekkja.	Iðnaðurinn heyrir undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir sem er með sameiginlegt markmið um samdrátt í losun. Stakksberg þarf að standa skil á eigin losunarheimildum.	6
5.1	Daníel Freyr Rögnvaldsson	Loftgæði	Við brennslu kola myndast þrjú skaðleg mengunarefni sem hafa áhrif á heilsu fólks. Þetta eru Brennisteinsdíoxíð (SO ₂), Köfnunarefnisoxíð (NO _x) og svífrík eða öragnir í andrúmsloftinu (PM). Vitað er að þessi efni eru einnig skaðleg í litlu mæli, einnig undir núgildandi viðmiðunarmörkum reglugerða. Og þessi verksmiðja er einungis í 2km fjarlægð frá byggð!	Til viðmiðunar eru umhverfismörk sem ýmist eru til verndar heilsu manna eða gróðri úr settum reglugerðum. Hæstu reiknuðu gildi eru vel undir settum mörkum fyrir þessi efni.	8.1
5.2	Daníel Freyr Rögnvaldsson	Loftslagsmál	Þessi verksmiðja er hrikaleg tímaskekkja á tímum þegar mannkynið allt stendur frammi fyrir gríðarlegum vanda í loftslagsmálum. Hún er tímaskekkja þegar það liggur fyrir að Íslendingar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart annarri samþykkt Kýótóbókunarinnar. Ísland skuldbatt sig til að draga úr losun um fimmtung en hún hefur hins vegar verið stöðug síðan 2011. Þessi verksmiðja er tímaskekkja þegar Íslendingar eru langt frá því að geta staðið við skuldbindingar Parísarsamkomulagsins og þurfa að kaupa losunarheimildir.	Losun gróðurhúsalofttegunda af völdum stóriðju heyrir ekki undir "beina ábyrgð" Íslands heldur viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS), sem er með sameiginlegt markmið um samdrátt. Hver og einn rekstraraðili innan kerfisins þarf að standa skil á heimildum fyrir sína losun. Að draga úr heildarlosun er hins vegar afar mikilvægt fyrir loftslagið.	6

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
5.3	Daníel Freyr Rögnvaldsson	Loftgæði	Sú fullyrðing að fjórir bræðsluofnar muni menga minna en sá eini sem var fyrir verður að teljast hlægileg í besta falli. Fjórar brennur menga alltaf meira en ein brenna. Þetta stenst enga skoðun. Menn réðu ekki einu sinni við að reka einn ofn, eins og raun ber vitni. Hjá PCC á Bakka hafa menn verið í miklum vandræðum með að reka tvo ofna. Annað hvort eru rekstaraðilar þessara tveggja kísilvera algjörir viðvaningar eða þá að verksmiðjurnar eru gallaðar. Nema hvoru tveggja sé. Hvernig í ósköpunum á maður að trúa því að þessir aðilar geti rekið fjóra ofna skammlaust í ljósi þess sem á undan er gengið?	Nefnd fullyrðing kemur ekki fram í frummatsskýrslu heldur kemur þar fram að endurbætur leiða til mun betri dreifingar og að reiknaður styrkur verður lægri sérstaklega í næsta nágrenni verkmiðju en einnig lengra frá. Þá kemur fram að styrkur frá fullbyggðri verkmiðju með útblástur um skorsteina verði samkvæmt líkanreikningum lægri í næsta nágrenni verkmiðju og í norðurhluta byggðar heldur en styrkur frá einum ofni með útblæstri um rjáfur síuhúss.	8.1
5.4	Daníel Freyr Rögnvaldsson	Ásýnd	Og enn og aftur reyna menn að draga úr sýnileika verkmiðjunnar, sem sést alla leið úr Hvalfirði í góðu skyggni. Byggingarnar eru mun hærrí en þær áttu að vera og því ólöglegar. En menn ætla að bæta um betur og setja ofan á hana 50 metra háan stromp, svo hún muni nú örugglega blasa við um gjörvallt Faxaflóasvæðið!	Gert er ráð fyrir að skorsteinar verði 52 m háir og miðast sú hæð við jörðu. Ekki er ljóst hvað átt er við með að dregið sé úr sýnileika verkmiðjunnar en fram kemur í frummatsskýrslu að til verkmiðjunnar sjáist í góðu skyggni þar sem hana ber við sjóndeildarhringinn frá Vogum í tæplega 10 km fjarlægð og í niðurstöðu kemur fram að til hennar sjáist við sjóndeildarhringinn jafnvel enn lengra að en sýnt hafi verið og er þar átt við sýndar myndir.	8.8
5.5	Daníel Freyr Rögnvaldsson	Niðurstaða mats	Ég vil benda á ágæta og vel rökstudda umsögn umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar frá 11. júní síðastliðnum. Sú umsögn ætti að færa eigendum verkmiðjunnar enn frekar sanninn um að bæjarbúar vilja ekki þessa verkmiðju. Ráðið er ekki sammála niðurstöðum frummatsskýrslunnar varðandi loftgæði, samfélag, atvinnulíf og heilsu og telur mjög ólíklegt að efnahagsleg áhrif framkvæmdarinnar séu það mikil að þau vegi upp á móti neikvæðum áhrifum hennar á þann veg að þau nái að gera heildaráhrif verkmiðjunnar á samfélagið jákvæð. Undir þetta tek ég heilshugar.	Sjá viðbrögð við athugasemdum Reykjanesbæjar, tl. 8.4 í viðauka 11.	11
6.1	Davíð Rósinkarsson	Loftgæði	Hefur áhyggjur af 52 m háum skorsteini sem veruleg sjónmengun er af vegna enn frekari dreifingar mengunar, mengandi verkmiðju í túnfæti Reykjanesbæjar og í næsta nágrenni við leikskóla og grunnskóla, skerðingu loftgæða íbúa Reykjanesbæjar út af kísilryki, að vera með kísilver nálægt eldsneytistönkum fullum af flugvélaeldsneyti og því að hleypa afsogslofti óhreinsuðu út í andrúmsloftið í Helguvík.	Gerð er grein fyrir mati á áhrifum verkmiðjunnar í frummatsskýrslu.	8.1
6.2	Davíð Rósinkarsson	Loftgæði	Íbúar í Reykjanesbæ vilja ráða loftgæðum í bæjarfélaginu til frambúðar án þess að anda að sér afsogslofti og kísilryki.	Athugasemd krefst ekki viðbragða framkvæmdaraðila.	8.1

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
6.3	Davíð Rósinkarsson	Lífríki sjávar	Gerir athugasemdir við að affallsvatninu frá verksmiðjunni verði dælt út í sjó þar sem engar rannsóknir hafa verið gerðar til að greina hvaða áhrif það hefði á lífríki sjávar við strendur Helguvíkur eða lífríki við Faxaflóann.	Upphitað kælivatn verður losað í fráveitulögn bæjarins eins og gerð er grein fyrir í frummatsskýrslu og niðurstöður líkanreikninga benda ekki til að það muni hafa teljandi áhrif á hitastig sjávar. Af því leiðir að áhrif á lífríkið í nágrenni við losunarstað, sem ekki telst viðkvæmt, eru ólíkleg.	8.4
6.4	Davíð Rósinkarsson	Mótmæli	Ég tel það eina kostinn fyrir Stakksberg sé að velja núllkostinn þ.e.a.s að fara burt með kísilverksmiðjuna og kísilverksmiðjudrauminn sinn burt úr Helguvík.	Athugasemd krefst ekki viðbragða framkvæmdaraðila.	
7	Elísabet Lovísa Björnsdóttir	Mótmæli	Samhljóða bréfi Davíðs Rósinkarssonar	Vísað er til viðbragða í tl. 6.1-6.4.	
8	Ellert Grétarsson		Samhljóða bréfi Daníels Freys Rögnvaldssonar	Vísað er til viðbragða í tl. 5.1-5.5.	
9	Georg H. Georgsson		Samhljóða bréfi Daníels Freys Rögnvaldssonar	Vísað er til viðbragða í tl. 5.1-5.5.	
10.1	Guðjónína Sæmundsdóttir	Ásýnd	Sjónmengun af kísilverksmiðjunni er mjög mikil og eyðileggur algjörlega sjávarsýnina á þessum stað og eins að horfa á Helguvíkina frá sjó. Ég geri alvarlega athugasemd við að Stakksberg reisi 52. metra háan skorstein sem mun valda enn meiri sjónmengun. Að stækka verksmiðjuna eykur á sjónmengunina enda í upphafi var talað um og lofað að þessi verksmiðja mundi ekki valda neinni sjómengun en það gerir hún svo sannarlega, hvað þá með 52. metra háum neyðarskorsteini.	Fyrsti áfangi verksmiðjunnar er þegar risinn og eins og fram kemur í kafla um forsöguna í frummatsskýrslu var í mati frá 2013 gert ráð fyrir lægri mannvirkjum á efra palli lóðar en þeim sem byggð voru. Ekki er talið að skorsteinn muni hafa mikil áhrif á ásýnd umfram það sem þegar hefur komið fram en byggingarmagn mun aukast við fulla uppbyggingu verksmiðjunnar.	8.8
10.2	Guðjónína Sæmundsdóttir	Loftgæði	Sagt er að þessi neyðarskorsteinn eigi að dreifa betur lyktarvaldandi efnun og afsogslofti hleypt óhreinsuðu út í andrúmsloftið. Sem sagt það er verið að dreifa lyktarvaldandi efnun og afsogslofti óhreinsuðu út í andrúmsloftið fyrir okkur íbúa til að njóta. Þar sem verksmiðjan er í túnfæti Reykjanesbæjar og í næsta nágrenni eru leikskólar og grunnskóli hlýtur að vera veruleg mengunarhætta frá verksmiðjunni. Þar með setur hún börn og aðra íbúa sem anda að sér þessari mengun í hættu því í þessari skýrslu er tekið fram að fínt kísilyrk fer þá óhreinsað út í andrúmsloftið. Kísilyrk í lungum getur valdið mjög miklum öndunarörðuleikum þegar til langtíma er litið og skerðir loftgæði íbúa eins og við höfum þegar fundið fyrir frá þessari verksmiðju.	Ein af meginaðgerðum í endurbótum er að reisa skorstein til að dreifa betur útblásturslofti sem farið hefur í gegnum síuvirki. Umhverfisstofnun hefur metið það svo að heppilegra sé að hafa einnig neyðarskorstein til að dreifa útblæstri sem ekki hefur farið í gegnum síuvirki þegar aðstæður eru þannig að hætta er á að síuvirkin verði fyrir skemmdum, sem geti leitt til frekari óstöðugleika og frekari hættu á losun og ónógri dreifingu á lyktarvaldandi efnun. Til að uppfylla þessi skilyrði verður bætt við hjáleit til að hægt verði að nota skorsteininn einnig sem neyðarskorstein. Þetta verði eingöngu notað í undantekningartilfellum samkvæmt skipulögðu verklagi og í samræmi við strangar kröfur í starfsleyfi. Lagt er mat á áhrif verksmiðjunnar á loftgæði í frummatsskýrslu byggt á niðurstöðum líkanreikninga.	8.1

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
10.3	Guðjónína Sæmundsdóttir	Loftgæði	<p>Við höfum heyrt áður að besta fánleg tækni sé notuð. Það var ekki þá og loforð ykkar um að það verði núna er ekki trúað. Eftir að hafa þolað mengun frá þessari verksmiðju á meðan hún var í gangi þá vitum við að í svona samfélagi viljum við ekki búa í. Samfélag þar sem loftgæði eru slæm og suma daga var ekki hægt að fara út í göngutúra vegna mengunar.</p> <p>Ég vil ómengaðan Reykjanesbæ með góðum loftgæðum svo íbúar geti stundað heilsusamlega hreyfingu úti við án þess að heilsu þeirra sé stefnt í hættu. Þar af leiðandi tel ég að eini kosturinn fyrir Stakksberg hætta við þessa verksmiðju og rífa hana.</p>	<p>Besta aðgengilega tækni verður notuð eins og krafist er í starfsleyfi. Það eitt og sér er hins vegar ekki nóg og því verður lögð áhersla á að allur undirbúningur, skipulagt verklag og þjálfun starfsmanna verði í lagi. Búnaður þarf að virka, fullnægjandi viðhalds- og viðbragðsáætlanir að vera til staðar og stöðugar umbætur að vera í gangi.</p>	5, 8.1
11.1	Guðmundur Guðbergsson	Loftgæði, loftslagsmál	<p>Til dæmis kemur fram og gert er lítið úr, að fullbúin mun verksmiðjan losa um 400.000 tonn af koldíoxíði út í andrúmsloftið á ári. Það gerir um 1.096 tonnum (ein milljón og 96 þúsund kíló) af Koldíoxíði á dag og það í 1800 metra fjarlægð frá íbúabyggð. Reyndar segir í skýrslunni að þeir ætli að hækka reykháfa (sem eru fyrir alltof háir samkvæmt deiluskipulagi), þannig að mengun frá verksmiðjunni mun minnka um 80% í þeim hverfum sem er næst verksmiðjunni. En á sama tíma þá ætlar þeir hjá Stakksberg að fjórfalda framleiðsluna og þar með mengunina frá verksmiðjunni frá því hún var í rekstri frá nóvember 2016 til ágúst 2017.</p>	<p>Rekstri eins og þessum fylgir töluverð losun á koldíoxíði, eins og fram kemur í frummatsskýrslu. Þessi losun hefur hnattræn áhrif og iðnaðurinn heyrir undir samevrópskt viðskiptakerfi með losunarheimildir sem er meginstjórnkerfi ESB varðandi losun. Framleiðsla kísilmálms á Íslandi með endurnýjanlegri orku er þó mun betri í þessu tilliti en framleiðsla annars staðar í heiminum þar sem slík orka er ekki í boði. Ekki eru reykháfar til staðar í dag og tilkoma þeirra, sem er í fullu samræmi við gildandi deiliskipulag, tryggir betri dreifingu og minni styrk mengunarefna við jörðu. Stefnt er að aukinni framleiðslu í framtíðaráföngum, eins og fram kemur í frummatsskýrslu.</p>	6, 8.1

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
11.2	Guðmundur Guðbergsson	Loftgæði	<p>Þá er mjög áhugavert hvað sagt er í skýrslunni um hvernig á að stöðva lyktarmengun frá verksmiðjunni, en sú lykt lagðist yfir flest íbúðahús í Keflavík og varð þess til dæmis valdandi að ég og fjölskylda mín þurftum að yfirgefa íbúðarhús mitt vegna stækju og mengunar. Í skýrslunni stendur;</p> <p>„Fjallað hefur verið um aðra sértæka kosti til eyðingar á lykt, svo sem eftirbrennara, vothreinsun og rafsiur. Slíkar tæknilegar útfærslur til að meðhöndla útblástur hafa ekki verið notaðar í verksmiðjum sem framleiða kísil og eru ekki taldir vænlegar til að eyða lífrænum efnum í þeim tiltölulega lága styrk og mikla rúmmáli sem um ræðir. Þessir kostir eru ekki taldir raunhæfir.“</p> <p>Með öðrum orðum, Stakksberg ætlar ekki að gera neitt til að draga úr lyktarmengun, nema kannski að hækka strompinn, sem er nú þegar of hár samkvæmt deiluskipulag og dreifa mengunni til fleiri íbúa.</p>	<p>Engar sértækar lausnir hafa verið notaðar til að eyða lyktarvaldandi efnum úr útblæstri fyrir þennan iðnað og þetta teljast því ekki vera svokallaðir raunhæfir kostir eins og staðan er í dag. Tilkoma skorsteins, sem er í fullu samræmi við núgildandi deiluskipulag, og ýmsar aðrar endurbætur sem ætlaðar eru til að auka stöðugleika í rekstri eru þær meginaðgerðir sem munu minnka styrk mengunarefna við jörðu í næsta nágrenni verksmiðjunnar og í nyrsta hluta íbúabyggðarinnar.</p>	5.4.3, 5.7.3
11.3	Guðmundur Guðbergsson	Náttúrufar - fuglar	<p>Varðandi áhrif verksmiðjunnar á fuglalíf, þá segir skýrslan að verksmiðjan muni hafa óveruleg áhrif á fugla, þó að lóð verksmiðjunnar sé í jaðri stærsta Sílamáfavarps á Íslandi og Náttúrufræðistofnun Íslands skilgreint svæðið sem „mikilvægt fuglasvæði“. Við iðnaðarsvæðið í Helguvík eru líka varpstöðvar annarra fugla eins og Þúfutittlinga, Heiðlóu og Stelks. Hvaða rannsóknir Verkís gerði fyrir Stakksberg um áhrif verksmiðjunnar á fuglalíf veit ég ekki og kemur ekkert fram um það í skýrslunni. Einhvern veginn hef ég grun að þessi „rannsókn“ sé að hætti fyrri skýrslna um verksmiðjuna, þar sem lykilorðið er, „við vonum að þetta verði svona“. Það mun enginn segja mér og láta mig trúna því að það hafi engin áhrif á fuglalíf, þegar verksmiðja hleypir 1.096 tonnum af koldíoxíði út í andrúmsloftið í miðri varpstöðvum þeirra á hverjum einasta degi.</p>	<p>Náttúrufræðistofnun gerði ekki athugasemdir við umfjöllun um dýralíf í frummatsskýrslu enda svæðið þegar raskað og áhrif komin fram. Matið í frummatsskýrslu byggði á eldri rannsóknum, úttekt á svæðinu og nýjum viðmiðum og heimildum.</p>	8.3

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
11.4	Guðmundur Guðbergsson	Heilsa	<p>Í skýrslunni er líka fjallað um áhrif kísilversins á heilsu íbúa í Reykjanesbæ. Eins og í fyrri skýrslum, þá er gert lítið úr þeim veikindum sem herjaði á íbúa bæjarfélagsins. Líkt og forsvarsmenn United Silicon gerðu á sínum tíma. Ég veit um fjölmörg dæmi um að fólk varð veikt í hvert sinn sem verksmiðjan fór í gang. Það var ekki að ástæðulausu að Umhverfisstofnun lokaði verksmiðjunni á sínum tíma. Samkvæmt skýrslunni, þá virðist Stakksberg lítið sem ekkert gera til að stöðva mengunina, þeirra töfraformúla er að dreifa henni betur. Það er að segja, þeir sem búa næst verksmiðjunni fái aðeins minni mengun, en þeir sem búa fjær verksmiðjunni fá meiri mengun.</p>	<p>Í frummatsskýrslu er vitnað í umfjöllun sóttvarnarlæknis um starfsemina og vísbendingar um áhrif á heilsu á fyrri rekstrartíma. Ekki er verið að gera lítið úr þeim óþægindum sem íbúar urðu fyrir sem leiddi til þess að Umhverfisstofnun stöðvaði starfsemina á sínum tíma, eins og fram kemur. Því er ljóst að bæta þarf úr mörgum þáttum áður en áfram er haldið. Endurbætur fela í sér ýmsar breytingar á búnaði og verkferlum auk þeirrar megináðgerðar að breyta fyrirkomulagi á losun sem hefur mikil áhrif á styrk mengunarefna í nágrenni við verksmiðjuna.</p>	8.6
11.5	Guðmundur Guðbergsson	Niðurstaða mats	<p>Ég vil líka benda á góða og vel rökstudda umsögn umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar frá 11. júní 2020. Sú umsögn ætti að færa Arion banka, eigenda verksmiðjunnar að bæjarbúar vilja ekki þessa verksmiðju. Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar er ekki sammála niðurstöðum frummatsskýrslunnar varðandi loftgæði, samfélag, atvinnulíf og heilsu og telur mjög ólíklegt að efnahagsleg áhrif framkvæmdarinnar séu það mikil að þau vegi upp á móti neikvæðum áhrifum hennar á þann veg að þau nái að gera heildaráhrif verksmiðjunnar á samfélagið jákvæð. Undir þetta tek ég heilshugar.</p>	<p>Sjá viðbrögð við athugasemdum Reykjanesbæjar, tl. 8.4 í viðauka 11.</p>	11
11.6	Guðmundur Guðbergsson	Mótmæli	<p>Ég tel mig eiga skýlausan rétt á að búa í heilsusamlegu umhverfi og tel mig eiga fullkominn rétt til heilsusamlegs lífs og að réttur minn sé tekinn fram yfir rétt Arionbanka og Stakksbergs til að starfrækja þessa mengunarverkmiðju, þó hún sé komin með nýja kennitölu og Arionbanki þurfi að græða aðeins meira.</p>	<p>Athugasemd krefst ekki viðbragða framkvæmdaraðila.</p>	

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
12.1	Guðný Húnbogadóttir	Almennt	Þann 7. maí sl. tilkynnti Skipulagsstofnun að undangenginni tilkynningu Stakksberg til stofnunarinnar umfjöllun frummatsskýrslu um endurbætur á kísilverismiðju Stakksbergs í Helguvík. Tillagan væri til kynningar 8. maí og að athugasemdir skyldu berast eigi síðar en 26. júní nk. Það er því miður raunin að Stakksberg hefur ekki verið í neinu samráði við íbúa Suðurnesja/Reykjanesbæjar enda hafa samráðstímabilin verið stutt og tímasett þannig að flestir eru í sumarfríum eða í jólaundirbúningi á sama tíma. Fresturinn er kannski ekki stuttur í þetta sinn en margir eru engu að síður í sumarfríum núna.	Frestir hafa verið samkvæmt ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum þar sem það hefur átt við en Skipulagsstofnun auglýsir tillögu að matsáætlun og frummatsskýrslu til kynningar. Skipulagsstofnun lengdi athugasemdafrest vegna tillögu að matsáætlun og einnig var lengdur frestur til að skila inn athugasemdum á samráðsgátt Stakksbergs, á meðan á vinnslu frummatsskýrslu stóð, fram á haustið 2019.	
12.2	Guðný Húnbogadóttir	Loftslagsmál	Í ljósi þess að loftslagsmál eru í brennidepli um allan heim og að áhersla er á einnig á slík mál hér á landi þá er þessi verksmiðja algjör tímaskekkja. Hjá ríkisstjórnnum um flest allan heim er kolefnisjöfnun og minnkun kolefnisfótspors brýnt viðfangsefni. Stjórnvöld hafa sett sér markmið um minnkun losunar CO2 innan marka Parísarsamkomulagsins um 40% fyrir árið 2030. Á sama tíma er verið að ræða að setja upp strompa fortíðar og áform um uppbyggingu kísilvera í Helguvík í rúmlega kílómeters fjarlægð frá rótgróinni íbúabyggð í Reykjanesbæ. Þessi áform eru þvert á vilja íbúa svæðisins auk stórs hluta bæjarstjórnar og ég mótmæli þessu kísilveri í allri sinni mynd og að það fái á framhaldandi starfsleyfi. Með þessari verksmiðju einni myndi losun CO2 á Íslandi aukast um allt að 10% ef starfsemi Stakksbergs hefjist á ný.	Losun gróðurhúsalofttegunda af völdum stóriðju heyrir ekki undir "beina ábyrgð" Íslands heldur viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS), sem er með sameiginlegt markmið um samdrátt. Hver og einn rekstraraðili innan kerfisins þarf að standa skil á heimildum fyrir sína losun. Að draga úr heildarlosun er hins vegar afar mikilvægt fyrir loftslagið.	6
12.3	Guðný Húnbogadóttir	Mótmæli	Ég geri athugasemdir við alla þessa ofangreinda þætti og mótmæli þessari verksmiðju, ég vil sjá hana á bak og burt og að hún verið tekin niður og seld í brotajárn!	Athugasemd krefst ekki viðbragða framkvæmdaraðila.	
13.1	Gunnar Már Yngvason	Mótmæli	Mótmælir harðlega að Kísilver í Helguvík verði endurræst.	Athugasemd krefst ekki viðbragða framkvæmdaraðila.	
13.2	Gunnar Már Yngvason	Loftgæði	Staðreyndin er sú að sá mengunarvarnarbúnaður sem nota á er bilanagjarn og ófullkominn og mengun mun alltaf leggja yfir bæinn minn í N og NA-lægum vindáttum sem er ríkjandi vindátt hér og gerir því vandmálin enn verri. Vothreinsibúnaður gæti gert þennan rekstur þolanlegan fyrir bæjarbúa en pokasíudraslið mun ALDREI virka vel í því rýsjótta veðurfari sem hér ríkir. Nálægð verksmiðjunnar við íbúahverfi gerir mengunina enn verri og ég hugsa til þess með hryllingi að verða neyddur til að hafa alla glugga lokaða langtímum saman í NA-áttinni.	Síuhús með pokasíum hafa verið lengi í notkun hér á landi sem og annars staðar og er sá búnaður sem skilgreint hefur verið að nota beri í þessum iðnaði sem besta aðgengilega tækni (BAT). Vothreinsibúnaður er ekki talinn henta fyrir þennan iðnað.	5

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
14	Gunnhildur Þórðardóttir		Samhljóða athugasemd Guðnýjar Húnbogadóttur	Vísað er til viðbragða í tl. 10.1-10.3.	
15	Heiðar Þórhallsson		Samhljóða bréfi Daníels Freys Rögnvaldssonar	Vísað er til viðbragða í tl. 5.1-5.5.	
16	Helena Dís Norris		Samhljóða bréfi Daníels Freys Rögnvaldssonar	Vísað er til viðbragða í tl. 5.1-5.5.	
17	Helgi V.V. Biering		Samhljóða bréfi Daníels Freys Rögnvaldssonar	Vísað er til viðbragða í tl. 5.1-5.5.	
18	Hjördís Hafnfjörð og Hjörtur Zakaríasson		Samhljóða bréfi Andra Freys Stefánssonar	Vísað er til viðbragða í tl. 2.1-5.8.	
19.1	Hrafnhildur Brynjólfsdóttir	Mótmæli, niðurstaða mats	Ég mótmæli því að iðnaðaruppbygging á borð við kísilver Stakksbergs fari aftur í gang í Helguvík. Verksmiðjan er líkleg til að hafa í för með sér neikvæð sjónræn áhrif, neikvæð áhrif á loftgæði og henni geta fylgt óþægindi og ónæði fyrir íbúa Reykjanesbæjar, auk þess að hafa mögulega neikvæð áhrif á heilsu þeirra. Í ljósi forsögunnar er ég ekki sannfærð um að áætlaðar mótvægisáðgerðir, sem eiga að auka rekstraröryggi verksmiðjunnar og minnka óþægindi íbúa vegna hennar, reynist fullnægjandi.	Eðli umhverfisáhrifa vegna framkvæmda er að þau teljast í langflestum tilvikum neikvæð. Markmiðið er að framkvæmdir og rekstur séu í samræmi við gildandi viðmið og reglur og að notaðar séu þær aðferðir og tækni sem bestar teljast á hverjum tíma. Þannig ber að lágmarka neikvæð áhrif og reyna að komast hjá þeim eins og mögulegt er.	
19.2	Hrafnhildur Brynjólfsdóttir	Loftgæði	Áhrif á loftgæði er líkleg til að vera neikvæð og í ljósi reynslunnar af rekstri verksmiðjunnar og vandamála með loftgæði er mjög mikilvægt að fá nánari lýsingu á hvernig standa eigi að lofthreinsun, hvaða tækni eigi að beita og hvernig það samræmist BAT skilyrðum (bestu aðgengilegu tækni) sem varða loftgæði.	Samkvæmt gildandi starfsleyfi skal rekstraraðili nota besta aðgengilega tækni (BAT) við mengunarvarnir. BAT fyrir iðnaðinn felst fyrst og fremst í notkun á afsogi og pokasíum. Eins og fram kemur í kafla 8.1.3.1 í frummatsskýrslu miðast útblástur á svifryki við BAT-gildi fyrir losun úr síuvirki og fyrir liggur staðfesting búnaðarframleiðanda á að fyrirbyggjandi pokasíur uppfylli þau skilyrði. Einnig kemur fram í frummatsskýrslu hvar bæta á við afsogi og pokasíuvirkjum fyrir aðra hluta framleiðslunnar en fyrir útblástur úr ofni.	8.1
19.3	Hrafnhildur Brynjólfsdóttir	Heilsa	Áhrif á heilsu íbúa eru metin óveruleg í frummatsskýrslunni. Ég tek undir ábendingu landlæknis um að vinna þurfi lýðheilsumat (Health Impact Assessment) í tengslum við fyrirhugaðar endurbætur á kísilverksmiðjunni og fá álit sérfræðinga þar um. Ég tel einnig alveg ótækt að fara í framkvæmdir meðan ekki er ljóst hvað það var sem olli íbúum heilsubresti hjá fyrri rekstraraðilum.	Mat á heilsu í frummatsskýrslu var unnið í samræmi við ákvörðun um matsáætlun dags. 12. apríl 2019 og nánari leiðbeiningar frá Skipulagsstofnun í kjölfar ákvörðunarinnar. Samkvæmt álitu sóttvarnarlæknis var ekki hægt að staðfesta alvarleg einkenni sem rekja mátti til mengunarinnar á fyrri rekstartíma en hins vegar voru nokkrir einstaklingar með undirliggjandi öndunarferasjúkdóma með meiri einkenni og þurftu meiri lyfjagjöf en áður. Ekki er hægt að ákvarða héðan af hvað nákvæmlega olli tilvikum mikillar lyktar og óþægindum.	8.6

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
19.4	Hrafnhildur Brynjólfssdóttir	Loftslagsmál	Verksmiðjan vinnur gegn markmiðum Íslands um losun og Parísarsamkomulagið. Meginuppistaðan í útblæstri hennar er CO2 en ekki er fjallað um það í loftdreifilíkani en þar sem um töluvert magn er að ræða sem myndast við bruna á 520.000 tonnum árlega af kolum og viðarflisum. Þá er ótækt að auka hér bruna á kolum og það vinnur gegn öllum loftslagsmarkmiðum.	Reiknuð er dreifing á kolsýringi/kolmónoxíði sem er með heilsuverndarmörk í reglugerð og hæsta gildi fyrir fullbyggða verksmiðju er um 0,001 mg/m ³ á meðan viðmiðunarmörkin eru 10 mg/m ³ . Styrkur koldíoxíðs hefur ekki staðbundin áhrif en hefur áhrif í hnattrænum skilningi. Losunin fellur undir samevrópskt viðskiptakerfi sem er með sameiginlegt markmið um samdrátt í losun.	6
19.5	Hrafnhildur Brynjólfssdóttir	Loftgæði	Vísað er til þess í frummatsskýrslu að áætluð mengun verði undir heilsufarsviðmiðum en ekki eru tilgreind mörk óþæginda íbúa vegna lyktar eða annarra áhrifa sem eru ekki síður mikilvæg.	Niðurstöður líkanreikninga sýna að styrkur efna í nágrenni verksmiðjunnar og í nyrðri hluta íbúabyggðarinnar lækkar verulega við það að setja útblástur í skorstein auk þess að ýmsar aðgerðir stuðla að bættem rekstri. Greiningarmörk lyktar vegna VOC efna eru ekki þekkt.	8.1
20.1	Hrönn Auður Gestsdóttir	Ásýnd	Nú á að redda málunum með því að setja 52 metra háan strompa á þessa byggingar sem er þegar mikið lýti í umhverfi Helguvíkur og nágrennis.	Gerð er grein fyrir mati á áhrifum á ásýnd og loftgæði í frummatsskýrslu. Skorsteinn stuðlar að betri loftgæðum og talið er að hann hafi óveruleg áhrif á ásýnd sem viðbót við þegar byggð mannvirki.	8.8
20.2	Hrönn Auður Gestsdóttir	Mótmæli	Það er engin trygging fyrir því að þetta eigi að vera betra og ég er ekki tilbúin að fórna heilsu minni, fjölskyldu minnar og hrossunum mínum til að vera tilraunardýr fyrir stóriðju í bakgarðinum hjá mér.	Endurbætur fela í sér breytingar á búnaði og verklagi til að auka stöðugleika og öryggi í rekstri og stuðla þannig að betri loftgæðum við allar aðstæður.	
20.3	Hrönn Auður Gestsdóttir	Deiliskipulag	Þeim leyfist að ljúga í kynningarbréfi varðandi þessa skýrslu um að: „Endurbæturnar eru í samræmi við gildandi deiliskipulag í Helguvík. Síðustu breytingar á því voru samþykktar í íbúakosningu árið 2015, þar sem meðal annars var veitt heimild fyrir 52 m háum reyk háfum á lóð Stakksbergs.“ ... Ég spyr, hvaða íbúakosning er þetta sem vitnað er í ?	Núverandi mannvirki eru ekki öll í samræmi við gildandi deiliskipulag en eru í samræmi við útgefin leyfi bæjarins. Allar fyrirhugaðar endurbætur eru í samræmi við skilmála gildandi deiliskipulags. Fram kemur í frummatsskýrslu að efnt hafi verið til íbúakosningar eftir að breyting á deiliskipulaginu árið 2015 hafði tekið gildi og þar var breytingin samþykkt. Íbúakosningin fór fram á tímabilinu 24. nóv. - 4. des. 2015.	4.1.3
20.4	Hrönn Auður Gestsdóttir	Loftgæði	Staðsetningar á þessum tveimur verksmiðjum sem ætlaðar eru hér í Helguvík sem er rétt um kílómetur í fjarlægð frá íbúabyggð og hesthúsabyggð er allt of nálægt. Mengunin frá henni berst með ríkjandi vindáttum (norðanátt, norðaustanátt og norðnorðaustanátt) er algjörlega óviðunandi og gengur ekki upp. Ef ég fann lyktina sem var ríkjandi reglulega hjá United Silicon og andaði því að mér, þá mun ég líka anda að mér lyktalausri mengun sem fyrirhuguð er.	Gerð er grein fyrir mati á áhrifum á loftgæði í frummatsskýrslu byggð á líkanreikningum á dreifingu útblásturs. Niðurstöður gefa til kynna að styrkur efna við jörðu verði vel innan marka reglugerða í íbúabyggðinni.	8.1

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
20.5	Hrönn Auður Gestsdóttir	Loftslagsmál	Það er talað um að Ísland eigi að taka þátt í Parísarsamningum varðandi loftlagsbreytinga í heiminum, ég tel klárlega að svona starfssemi sé einn af sökudólgum hvernig er að fara fyrir jörðinni okkar.	Framleiðslan felur í sér efnahvarf kísiloxíðs og kolefnis og því fylgir losun á koldíoxíði. Framleiðsla kísils á Íslandi með endurnýjanlegri orku með lágu kolefnisspori er betri í hnattrænu samhengi en framleiðsla í löndum þar sem ekki er framboð á slíkri orku.	6
21.1	Jóhannes Jensson	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar ásamt athugasemdum Andra Freys Stefánssonar, dags. 20.06.2020.	Vísað er til viðbragða í tl. 2.1-2.8.	
21.2	Jóhannes Jensson	Loftgæði	Persónulega varð ég fyrir verulegri mengun vegna verksmiðjunnar meðan hún var starfrækt og sé ekki að ástandið verði betra þó risaskorsteinn verði reistur við verksmiðjuna. Það mannvirki mun aðeins auka á sjónmengunina og dreifa mengandi efnum víðar um Suðurnesin.	Niðurstöður líkanreikninga sýna að dreifing útblástursefna í andrúmslofti er mun betri með losun um skorsteina en um rjáfur síuhúss og styrkur efna þá mun lægri við jörðu.	8.1
21.3	Jóhannes Jensson	Samfélag	Loks finnst mér rétt að geta þess að mikið hefur verið fjallað um fjölda starfa sem fyrirtæki myndi skapa á svæðinu (hálaunastörf meira að segja). Þetta reyndust síðan færri störf en um var talað og mér sýnist að þau hafi að stórum hluta verið útlendu vinnuafli og reynst láglaunastörf þegar upp var staðið. Verksmiðjan reyndist því ekki sú gullkista sem fólki hafði verið talin trú um, heldur bæði efna- og sjónmengunarskrímsli sem nú er að verða helsta kennileiti Suðurnesja langt að séð.	Fram kemur í frummatsskýrslu að áætlaður fjöldi starfsmanna í 1. áfanga verksmiðjunnar sé 70-80 manns og upp undir 200 eftir 4. áfanga. Um er að ræða störf fyrir starfsfólk með ólíka menntun og bakgrunn. Einnig er búist við að fyrir hvert starf í verksmiðjunni verði til tvö afleidd störf sem felast m.a. í því að kaupa þarf að ýmsa þjónustu.	5.5, 8.5
22	Jón F Sigurðsson	Mótmæli	Gerir alvarlegar athugasemdir við sömu atriði og komu fram í athugasemd Davíðs Rósinkarssonar.	Vísað er til viðbragða í tl. 6.4-6.4.	
23.1	Karvel Granz	Mótmæli	Mótmælir harðlega að Kísilver í Helgúvik verði endurræst hvort sem er í núverandi mynd eða líttillega breytt og byggi mótmæli mín út frá fyrri reynslu er ég tiltek hér.	Athugasemd krefst ekki viðbragða framkvæmdaraðila.	
23.2	Karvel Granz	Loftgæði	Lyktarmengun og öndunar örðuleikar er ég og fjölskyldan mín þurftum að glíma við er verksmiðjan starfaði. Ég á við skerta lungnastarfsemi að stríða og get ekki tekið þátt í að vera notaður sem tilraunadýr upp á von og óvon um að betur takist til næst.	Niðurstöður líkanreikninga sýna að dreifing útblástursefna í andrúmslofti er mun betri með losun um skorsteina eftir endurbætur og styrkur efna þá mun lægri við jörðu. Endurbætur snúa einnig að því að bæta ýmsan búnað, verklag og auka stöðugleika reksturs sem allt stuðlar að bættum loftgæðum.	8.1

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
23.3	Karvel Granz	Ásýnd, Skipulag	Sjónmengun, en verksmiðjan er augljóslega of nálægt byggð og ekki í takt við deiliskipulag. Tel að gera þurfi nýtt deiliskipulag þar sem svona starfsemi á ekki að liggja svo nærri byggð eða annarri starfsemi á þessu svæði en eftirspurn eftir lóðum í nánasta nágrenni Kísilversins er engin nú. Hugmynd Stakksberg um 52 metra háan reyklosunar skorstein er aðeins til að auka sjónmengun og dreifa reyknum víðar.	Verksmiðjan var reist á skipulögðu iðnaðarsvæði og í samræmi við útgefin byggingarleyfi en var ekki að öllu leyti í samræmi við fyrra mat eða skilmála deiliskipulags eins og fram hefur komið. Skorsteinn, sem er í fullu samræmi við skilmála gildandi deiliskipulags, stuðlar að bættri dreifingu og minni styrk mengunar í nágrenni verksmiðjunnar.	4.1.3, 8.8
23.4	Karvel Granz	Samfélag	Verðgildi á minni fasteign mun augljóslega falla ef Kísilverið verður endurræst með einum ofn, hvað þá með 4 ofnum.	Fasteignaverð í Reykjanesbæ hækkaði á fyrri rekstartíma með auknum umsvifum á svæðinu sem þá urðu og fjölgun íbúa. Sama átti við í sambærilegum sveitarfélögum á sama tímabili.	8.5
24.1	Kristinn Þór Jakobsson	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.	Athugasemd krefst ekki viðbragða framkvæmdaraðila.	
24.2	Kristinn Þór Jakobsson	Loftgæði	Forsendur lofreiknilíkans sem kynnt er í frummatsskýrslu Stakksberg /Arion banka eru á skjön við reynslu og upplifun íbúa Keflavíkur/ Reykjanesbæjar. Hækkun reykháfs upp í 52 metra dugar ekki til að hindra að útblástur úr verksmiðjunni leggist yfir norðurhluta Keflavíkur. Ríkjandi vindátt í Keflavík er norðan og norðnorðaustanátt hæg gola eða andvari sem leggst inn yfir bæinn köld af Faxaflóa. Þessi hægi andvari verður til þess að loftblöndun við mengunina úr verksmiðjunni verður lítil sem engin. Því fellur mengunin lítt blönduð niður og læðist inn yfir bæjarhlutann sem næstur er verksmiðjunni mönnum og málleysingum til mikils ama. Veðurfræðingar vöruðu við þessu ástandi. Loftreiknilíkanið tekur ekki á þessu veðuráhrifum. Mér er til efs að hækkun reykháfsins dugi til við draga úr þessari mengun.	Líkaninu sem notað er til að reikna út dreifingu og styrk efna í lofti með 1 klst. upplausn yfir veðurskilyrði 5 ára tímabils, er lýst í skýrslu Vatnaskila í viðauka 1 með frummatsskýrslu og einnig í minnisblaði sem birt var í viðauka með tillögu að matsáætlun. Útreikningarnir taka því tillit til allra þeirra veðurskilyrða sem myndast á þessu tímabili og þar á meðal hæggar golu úr norðnorðaustri. Í skýrslu Vatnaskila og einnig stuttlega í kafla um loftgæði í frummatsskýrslu, er fjallað um í hvaða aðstæðum hæstu gildi lyktarvaldandi VOC efna voru reiknuð fyrir staðsetningu Heiðarskóla, nyrst í bænum. Niðurstöður líkanreikninga sýna umtalsverða lækkun á hæstu gildum miðað við losun um rjáfur síuhúss án endurbóta.	8.1
25.1	Kristín Kristinsdóttir		Athugasemdir með sömu atriðum og í athugasemdum Davíðs Rósinkarssonar.	Vísað er til viðbragða í tl. 6.4-6.4.	
25.2	Kristín Kristinsdóttir	Heilsa	Við brennslu kola myndast þrjú skaðleg mengunarefni sem hafa áhrif á heilsu fólks. Þetta eru Brennisteinsdíoxíð (SO ₂), Köfnunarefnisoxíð (NO _x) og svifrik eða öragnir í andrúmsloftinu (PM), það er til að hafa áhyggjur af.	Fyrir öll þessi mengunarefni eru til viðmiðunar umhverfismörk í reglugerðum sem ýmist eru til verndar heilsu manna eða gróðri. Hæstu reiknuðu gildi eru vel undir settum mörkum fyrir öll þrjú efnin.	8.6

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
25.3	Kristín Kristinsdóttir		Sú deiliskipulagsbreyting sem tillögur frummatsskýrslunnar byggja á eru mjög vafasamar ef ekki ólöglegar, þar sem ekki var tilgreint í auglýsingu, né í greinargerð deiliskipulagsbreytingarinnar, um þær umfangsmiklu breytingar er áttu sér stað á þeim lóðum, sem kísilver United Silicon (Stakksbraut 9) höfðu til umráða.	Í frummatsskýrslu kom fram að um annmarka hefði verið að ræða á auglýsingu deiliskipulagsbreytingar frá 2015 en Skipulagsstofnun hefur metið það svo að ekki hafi verið um annmarka að ræða, sem hefðu átt að leiða til ógildingar breytingarinnar, sbr. athugasemd Skipulagsstofnunar í tl. 10.3 í viðauka 11.	
26.1	Landvernd	Niðurstaða mats	Stjórn Landverndar tekur heilshugar undir umsögn umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar sem bæjarstjórn samþykkti á 251. fundi sínum þann 11. júní sl. En þar segir ma.: "Niðurstaða umhverfis- og skipulagsráðs er að ekki sé nægilega gerð grein fyrir umhverfisáhrifum starfseminnar. Ráðið er ekki sammála niðurstöðum frummatsskýrslunnar varðandi loftgæði, samfélag, atvinnulíf og heilsu og telur mjög ólíklegt að efnahagsleg áhrif framkvæmdarinnar séu það mikil að þau vegi upp á móti neikvæðum áhrifum hennar á þann veg að þau nái að gera heildaráhrif verksmiðjunnar á samfélagið jákvæð."	Sjá viðbrögð við athugasemdum Reykjanesbæjar, tl. 8.4 í viðauka 11.	11
26.2	Landvernd	Heilsa	Á rekstrartíma kísilversins sem nú á að koma aftur í gang fundu íbúar Reykjanesbæjar og víðar fyrir miklum neikvæðum heilsufarsáhrifum. Þar sem íbúabyggð er eingöngu kílómetra frá athafnasvæði verksmiðjunnar má lítið út af bera til þess að hættuleg efni fari yfir byggðina og mengi andrúmsloft íbúanna. Á meðan orsök veikindanna finnst ekki, er ekki hægt að tryggja að þau muni ekki endurtaka sig þegar verksmiðjan verður aftur gangsett. Það er ekki ásættanlegt að gera áframhaldandi tilraunir á íbúum án samþykkis þeirra. Það verður að svara með óyggjandi hætti að veikindi viðkvæmra hópa muni ekki taka sig upp aftur áður en lengra er farið. Því er ekki svarað í frummatsskýrslu og þar er fullyrt að því sé ekki hægt að svara. Þetta atriði eitt ætti því að vera næg ástæða til að draga til baka áform um að gangsetja verksmiðjuna aftur að afloknum kostnaðarsömu endurbótum.	Fram hefur komið að fyrri rekstur kísilverksmiðjunnar í Helgúvík fór mjög illa af stað og margar kvartanir bárust frá íbúum Reykjanesbæjar. Áhyggjur íbúa eru því skiljanlegar. Ekki er þó hægt að finna út beina orsök óþæginda á fyrri rekstrartíma héðan af en sóttvarnarlæknir ályktaði um málið í júlí 2017, eins og vitnað er til í kafla 8.6.1.1 í frummatsskýrslu, og þar kom m.a. fram að ekki hefði verið hægt að merkja aukningu í greiningum ákveðinna öndunarfærasjúkdóma eða ávísunum astmalyfja á svæðinu. Framkvæmdaraðili telur að ef hægt er að reka þennan iðnað án vandamála við þéttbýli í Noregi, sbr. yfirlit í töflu 8.14 í frummatsskýrslu, þá bendi ekkert til þess að það eigi ekki að vera hægt í nágrenni þéttbýlis á Íslandi.	8.6
26.3	Landvernd	Framkvæmdir	Á rekstrartíma kísilversins tókst ekki að halda stöðugu hitastigi á ofnum, eða halda nokkrum stöðugleika í starfi verksmiðjunnar. Ítrekað sleppti verksmiðjan út menguðu lofti langt umfram heimildir. Frummatsskýrslan veitir ekki sannfærandi svör við því hvernig Stakkberg/Arionbanki hyggst koma í veg fyrir að saga bilana, truflana og neyðarviðbragða endurtaki sig.	Stöðugleiki rekstrar var vandamál á fyrri rekstrartíma sem rakið hefur verið til galla í búnaði og ónógs undirbúnings og þjálfunar starfsfólks eins og fram kemur í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir öllum helstu endurbótum sem ráðast á í og hvaða áhrif breytingar á útblástursmannvirkjum munu hafa á styrk útblástursefna í nágrenni verksmiðjunnar.	5

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
26.4	Landvernd	Loftgæði	Endurbætur sem Stakksberg fyrirhugar á verksmiðjunni eru til einhverra bóta, eins og notkun skorsteins til þess að draga úr mengun yfir byggðina. Samt sem áður er verið að dæla jafn miklu (eða meira ef af stækkun verður) af mengandi efnum út í andrúmsloftið, bara á annan hátt með dreifingu sem er til bóta fyrir íbúana á meðan allt gengur vel. Einnig verður að taka inn í reikninginn að í mörgum tilfellum verður að hleypa menguðu lofti út um rjáfur ef bilanir verða, eins og iðulega gerðist þegar verksmiðjan var áður í rekstri og gerist enn hjá PCC á Bakka. Eins og áður sagði hefur Stakksberg ekki með sannfærandi hætti sýnt að dregið verði verulega úr bilunum og rekstrartruflunum þegar og ef verksmiðjan verður gangsett að nýju. Landvernd hefur því ekki ástæðu til að ætla að fyrirhugaðar endurbætur á verksmiðjunni séu nægjanlegar til þess að koma í veg fyrir að þeir gríðarmiklu erfiðleikar í starfsemi verksmiðjunnar áður en henni var lokað, endurtaki sig.	Á fyrri rekstrartíma var útblástur úr ofni verksmiðjunnar leiddur um pokasíur og þaðan út um rjáfur síuhúss. Eftir endurbætur verður útblásturinn leiddur úr pokasíum og upp um skorstein og ekki er gert ráð fyrir að losun um rjáfur í neinum tilvikum. Með tilkomu hjáleidar verður neyðarlosun einnig dregin upp í skorstein eins og grein er gerð fyrir í matsskýrslu. Endurbætur fela í sér breytingar á búnaði, skipulagt verklag og aukna þjálfun starfsmanna til að auka stöðugleika og öryggi í rekstri.	5, 8.1
26.5	Landvernd	Loftgæði	Stjórn Landverndar vill benda á að orðið „lyktarmengun“ er villandi. Lyktin er af efnum sem skynfæri manna greina og þeim geta fylgt hættuleg efni sem lyktarskynið greinir ekki. Orðið lyktarmengun gefur til kynna að einu óþægindin sem um ræðir séu vond lykt en í tilviki kísilverkmiðjunnar fylgdu lyktinni allskyns hættuleg og ertandi efni eins og brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnissambönd, svifryk, þungmálmur og rokgjörn lífræn efni.	Í orðskýringum í 3. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 segir: <i>Mengun tekur einnig til ólyktar, ...</i> . Lykt sem menn finna er háð skynfærum þeirra og erfitt hefur reynst að mæla lykt. Þá eru greiningarmörk lyktar af rokgjörnum lífrænum efnasamböndum, VOC, ekki þekkt. Bæði er fjallað um lyktarmengun og einnig styrk annarra mengunarefna í lofti. Vöktun á fyrri rekstrartíma sýndi að nefnd efni, sem til eru viðmiðunarmörk fyrir og hægt er að mæla, hafi verið vel undir skilgreindum mörkum og niðurstöður líkanreikninga benda til að hæsti styrkur efna við jörðu eftir endurbætur verði enn lægri.	8.1
26.6	Landvernd	Loftslagsmál	Sú aukning í losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi sem forsvarsmenn Stakksbergs (Arionbanki) vilja er í fullu ósamræmi við stefnu Íslands um kolefnishlutleysi árið 2040, skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum og sjálfbæra þróun þar sem hún spillir fyrir möguleikum komandi kynslóða að uppfylla sínar þarfir. Skiptir þá litlu að losunin falli undir ETS kerfið, hún mun samt stuðla að hraðari hlýnun jarðar með tilheyrandi hamförum.	ETS kerfið á að skapa hagrænan hvata til að draga úr losun. Mestu skiptir að dregið sé úr heildarlosun í heiminum og að framleiðsla t.d. kísilmálms fari fram þar sem framboð er á orku með lágu kolefnisspori. Talsverður hluti heimsframleiðslu á kísilmálmi fer fram með orku úr kolaorkuverum, eins og nánar er fjallað um í matsskýrslu.	6.3, 6.4

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
26.7	Landvernd	Loftslagsmál	Þegar að auki er mikil óvissa með rekstur verksmiðjunnar, bilanatiðni og hversu vel gengur að halda ljósbogaofnum við rétt hitastig gæti losunin orðið enn meiri en ella, eins og raunin varð þegar verksmiðjan var síðast gangsett.	Losun koldíoxíðs er reiknuð stærð sem byggist á magni kolefnis í hráefnum. Heildarlosun breytist ekki þó truflanir verði á rekstri.	6
26.8	Landvernd	Grunnvatn	Losun frá áformaðri verksmiðju bætir óneitanlega á loftmengun á svæðinu og sú mengun mun að einhverju leyti falla til jarða á vatnsbólum íbúa. Hún er því óhjákvæmilega viðbót við þá ógn við vatnsbólin sem þegar er fyrir hendi. Skynsamlegra er að draga úr hættu á mengun vatnsbóla fremur en að auka hana með rekstri kísilvernsins.	Losun verksmiðjunnar verður vöktuð, svo og mengun í jarðvegi, gróðri og vatni í næsta nágrenni hennar. Neysluvatnsból íbúa eru í Lágum í Grindavíkurbæ sem eru í meira en 10 km fjarlægð frá verksmiðjunni. Rekstur kísilverksmiðju í Helguvík er ekki talinn auka ógn við vatnsból íbúa umfram aðra starfsemi á svæðinu.	8.2
26.9	Landvernd	Deiliskipulag	Stjórn Landverndar bendir aftur á umsögn Reykjanesbæjar um frummatsskýrsluna en þar kemur fram að núverandi byggingar séu ekki í samræmi við deiliskipulag og að fyrirhugaðar breytingar þarfnist að auki breytinga á deiliskipulagi. Miðað við neikvæða umsögn sveitarfélagsins um frummatsskýrsluna er ekki ástæða til að ætla að sveitarfélagið fallist á breytingar á deiliskipulagi eða veita framkvæmdaleyfi fyrir breytingum. Hvetja Arionbanka að afskrifa verksmiðjuna.	Allar fyrirhugaðar endurbætur á kísilverksmiðjunni rúmast innan gildandi deiliskipulags á svæðinu. Eingöngu þarf að aðlaga deiliskipulag vegna þegar samþykktra og risinna bygginga í samræmi við tilmæli Skipulagsstofnunar.	4.1.3
26.10	Landvernd	Almennt	Landvernd telur að mikilvægt sé að taka meðvitaðar ákvarðanir um það í hvað orkan sem framleidd er á Íslandi með tilheyrandi spjöllum á íslenskri náttúru sé notuð. Að mati stjórnar Landverndar ætti mengandi stóriðja eins og kísilver að vera neðarlega á forgangslista yfir orkukaupendur framtíðarinnar. Það er óásættanlegt að orkufyrirtækin geri samninga við stórkaupendur að orku og fullyrði svo að ekki sé til næg orka í landinu og að fara verði í frekari eyðileggingu á náttúrunni. Landsvirkjun hefur lofað orku til verksmiðjunnar óbreyttrar með afli sem nemur 35 MW. Þá orku væri heillavænlegra að nýta til annarra þarf svo sem rafbílavæðingu, ræktun grænmetis eða rafvæðingu hafna.	Athugasemd krefst ekki viðbragða framkvæmdaraðila.	

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
26.11	Landvernd	Sjónræn áhrif	Með þeim „endurbótum“ sem lýst er í frummatsskýrslunni mun verksmiðjan hafa enn meiri sjónræn áhrif og sjást mjög víða að. Þessi áhrif verður að meta heildstætt og frá grunni í ljósi þess hve víðsýnt er að verksmiðjunni og hve þétt byggð er í nágrenni hennar. Þá eru myndir sem sýna eiga sjónræn áhrif verksmiðjunnar villandi.	Mat á ásynd í frummatsskýrslu er m.a. byggt á samanburði á myndum af núverandi mannvirkjum, mannvirkjum fullbyggðrar verksmiðju og fullbyggðri verksmiðju með tilgátu að fullbyggðu iðnaðarsvæði í samræmi við deiliskipulag og útgefin starfsleyfi. Ljósmyndir voru teknar í samræmi við erlendar leiðbeiningar og líkön af mannvirkjum settar inn á þær með margreyndri aðferð. Ekki er ljóst hvað átt er við með heildstæðu mati eða hvað á að vera villandi við myndir og því er erfitt að bregðast við athugasemdinni.	8.8
27.1	Lowana Veal	Heilsa	Ég tók eftir því að skýrslu NILU er ekki viðeigandi. Það stendur á bls. 6: „While there have been several measurement studies around Norwegian metallurgic industries, no studies especially link emissions to odor and/or health impacts on the nearest neighbours. Nevertheless, we have included summary of three older studies, which we believe are relevant even if the source of emissions is not silicon industries“. Þá fjalla höfundar skýrslunnar um „The health Effects of Traffic Pollution as Measured in The Vålerenga Area of Oslo“, „Short term cohort study of the relationship between health and air pollution in Grenland, Norway. Field work, data acquisition and data preparation“ og „In the study “Lead in blood”, air concentrations were measured and blood samples were collected of residents in heavy trafficated areas“. Hvernig í ósköpunum ætti þessi tilfelli að tengjast kísilveri í Helguvík, þar sem íbúar kvörtuðu oft um heilsuvandamál eins og perringur í augum, höfuðverk og öndunarerfiðleikar þegar kísilver United Silicon var í gangi?	NILU nefnir í sínu minnisblaði dæmi um rannsóknir vegna loftmengunar í Noregi þar sem ekki fundust neinar beinar heimildir um rannsóknir í tengslum við kísiliðnaðinn þar í landi.	8.6
27.2	Lowana Veal	Starfsleyfi	Og það hefur ekkert verið lært af PCC Bakka, sem hefur verið í talsverðum erfiðleikum með sítt kísilver þó að þau eru með „Best Available Technology“. Þeir eru alltaf að starta og stoppa ofna, og hvert sinn sem það gerðist er möguleiki af heilsuspillandi reyk.	PCC á Bakka lenti í nokkrum vandamálum í sínum rekstri en ekki hefur frést af miklum kvörtunum íbúa þar. Viðbúið er að einhverjir byrjunarörðugleikar fylgi upphafi á svona rekstri þó erfitt sé að segja hvað sé innan eðlilegra marka í því sambandi.	

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
28	Magnea Ólafsdóttir	Mótmæli	Jafna við jörðu hið fyrsta vegna þess að: 1) Alltof nálægt byggð, bæði íbúabyggð og hesthúsum 2) Fyrirhuguð starfssemi í strássi við umhverfissjónarmið og kolefnisspor 3) Var sett á laggirnar á fölskum forsendum sem og gögnum 4) Mengun næg fyrir vegna alþjóðaflugvallar	Verksmiðjan er staðsett á skilgreindu iðnaðarsvæði samkvæmt aðalskipulagi og útgefnum leyfum. Niðurstöður líkanreikninga sýna að styrkur mengandi efna á að verða innan allra gildandi viðmiðunarmarka. Verksmiðjan verður rekin í samræmi við starfsleyfi, er með gilt losunarleyfi og þarf að standa skil á sínum losunarheimildum fyrir gróðurhúsalofttegundir. Ýmislegt fór úrskaiðis í undirbúningi og fyrri rekstri sem leiddi til rekstrarstöðvunar árið 2017. Vöktunarmælingar verða í gangi á rekstrartíma sem fela m.a. í sér mælingar á loftgæðum umhverfis verksmiðjuna.	
29	Margrét S. Þórólfsdóttir		Athugasemdir með sömu atriðum og í athugasemdum Davíðs Rósinkarssonar.	Vísað er til viðbragða í tl. 6.4-6.4.	
30	Nafnlaust, signyg@simnet.is		Samhljóða bréfi Davíðs Rósinkarssonar	Vísað er til viðbragða í tl. 6.4-6.4.	
31.1	Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands (NSVE)	Niðurstaða mats	Vafinn er gríðarlegur eins og best sést þegar rýnt er í hina nýju umhverfismatsskýrslu. Þar eru ýmsar fullyrðingar um lofgæði, samfélag, atvinnulíf og ekki síst heilsu sem eru með öllu ósannaðar. Vert er að benda á vel rökstudda umsögn umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar frá 11. júní síðastliðnum þar að lútandi. Ráðið er ekki sammála niðurstöðum frummatsskýrslunnar varðandi þessa þætti og telur mjög ólíklegt að efnahagsleg áhrif framkvæmdarinnar séu það mikil að þau vegi upp á móti neikvæðum áhrifum hennar á þann veg að þau nái að gera heildaráhrif verksmiðjunnar á samfélagið jákvæð. Stjórn NSVE tekur heilshugar undir þetta.	Í frummatsskýrslu er sett fram rökstutt mat sem byggir á tilgreindum forsendum og viðmiðum. Ekki er ljóst hvað átt er við með ósönnuðum fullyrðingum í umhverfismatsskýrslu.	
31.2	Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands (NSVE)	Loftgæði	Sú fullyrðing í matsskýrslu Stakksbergs að fjórir bræðsluofnar muni menga minna en sá eini sem var fyrir verður að teljast algjörlega út í hött. Hún stenst enga skoðun. Framkvæmdaaðili réði ekki einu sinni við að reka einn ofn, eins og raun ber vitni. Hjá PCC á Bakka hafa menn verið í miklum vandræðum með að reka tvo ofna. Sú spurning hlýtur að vakna hvort framkvæmdaaðili sé fær um að reka fjóra ofna skammlaust í ljósi þess sem á undan er gengið?	Nefnd fullyrðing kemur ekki fram í frummatsskýrslu heldur kemur þar fram að endurbætur leiða til mun betri dreifingar og að reiknaður styrkur verður lægri sérstaklega í næsta nágrenni verksmiðju en einnig lengra frá. Þá kemur fram að styrkur frá fullbyggðri verksmiðju með útblástur um skorsteina verði samkvæmt líkanreikningum lægri í næsta nágrenni verksmiðju og í norðurhluta byggðar heldur en styrkur frá einum ofni með útblæstri um rjáfur síuhúss. Óháð fjölda ofna skiptir mestu máli að búnaður og verkferlar séu í lagi, kunnátta sé til staðar og allt starfsfólk hafi hlotið viðeigandi þjálfun.	8.1

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
31.3	Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands (NSVE)	Loftslagsmál	Þessi verksmiðja er hrikaleg tímasekkja á tímum þegar mannkynið allt stendur frammi fyrir gríðarlegum vanda í loftlagsmálum. Það liggur fyrir að Íslendingar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart annarri samþykkt Kýótóbókunarinnar. Ísland skuldbatt sig til að draga úr losun um fimmtung en hún hefur hins vegar verið stöðug síðan 2011. Og þá blasir það einnig við að Íslendingar geta ekki heldur staðið við skuldbindingar Parísarsamkomulagsins og þurfa að kaupa losunarheimildir fyrir mikla fjármuni. Pólitísk loforð um efndir skuldbindinga í loftlagsmálum eru afar ósannfærandi í ljósi reynslunnar. Eigum við þá bara að ræsa eitt stykki kolabrennandi kísilbræðslu sem eykur losun Íslands um 10 prósent og rúmlega það?	Iðnaðurinn heyrir undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir sem er með sameiginlegt markmið um samdrátt í losun. Mestu skiptir í þessu sambandi að heildarlosun í heiminum dragist saman og þá er betra að orkufrek framleiðsla fari fram þar sem orka með lágt kolefnisspor er í boði.	6
31.4	Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands (NSVE)	Skipulag	Að lokum er rétt að áréttu stefnu Reykjanesbæjar varðandi iðnaðaruppbyggingu í Helguvík. Í Aðalskipulagi bæjarins, samþykktu árið 2017 er ekki gert ráð fyrir frekari starfsemi í Helguvík sem losi flúor og brennisteinsdíoxíð. Þá skal bent á áskorun meirihluta bæjarfulltrúa Reykjanesbæjar á fundi bæjarstjórnar þann 22. janúar 2019 til framkvæmdaaðila og eigenda kísilverkefna í Helguvík þess efnis að þeir falli frá uppbyggingu og rekstri kísilmálmverksmiðja í Helguvík. Það er því augljóst að hvorki bæjaryfirvöld né bæjarbúar kæra sig um þessa verksmiðju.	Þegar aðalskipulagið var samþykkt árið 2017 var búið að gefa út starfsleyfi og samþykkja deiliskipulag sem gerði ráð fyrir álveri Norðuráls, þá starfandi kísilverksmiðju Sameinaðs Sílikons og kísilverksmiðju Thorsils á iðnaðarsvæðinu í Helguvík.	4.1.2
32	Ragnhildur L. Guðmundsdóttir		Athugasemdir með sömu atriðum og í athugasemdum Davíðs Rósinkarssonar.	Vísað er til viðbragða í tl. 6.4-6.4.	
33	Rögnvaldur Helgi Helgason		Samhljóða bréfi Daníels Freys Rögnvaldssonar	Vísað er til viðbragða í tl. 5.1-5.5.	
34	Sigmar Þór Rögnvaldsson		Samhljóða bréfi Daníels Freys Rögnvaldssonar	Vísað er til viðbragða í tl. 5.1-5.5.	
35.1	Sigrún Birta Sigurðardóttir	Ásýnd	Kísilverið trónir yfir bæjarfélaginu og er greinilegt uppi á berginu alla Reykjanesbrautina og úr öllum bæjarhlutum Reykjanesbæjar. Sjónmengunin er gríðarleg.	Vísað er til mats á áhrifum á ásýnd í frummatsskýrslu, sem er aðeins breytt í matsskýrslu, en matið tekur ekki til áhrifa sem þegar eru komin fram.	8.8

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
35.2	Sigrún Birta Sigurðardóttir	Loftslagsmál	Ferlíkið minnir okkur á hvernig bæjarfélagið stefnir í að verða mest mengandi bæjarfélag Íslands (ef ekki Evrópu) með 10-33% aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi eingöngu frá iðnaði í Helgúvik steinsnar frá íbúabyggð. Ríkisstjórn Íslands hefur skuldbundið sig til að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda fyrir 2030 og Skipulagsstofnun hlýtur að eiga skyldum að gegna að stuðla að því markmiði. Það er fáránlegt að ábyrgðinni á því að bjarga jörðinni frá loftslagsáhrifum sé endalaust velt á einstaklinga á meðan þær stofnanir sem við borgum fyrir með sköttum til að vernda okkur leyfa svona glórulausum framkvæmdum að viðgangast.	Losun gróðurhúsalofttegunda af völdum stóriðju heyrir ekki undir "beina ábyrgð" Íslands heldur viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS), sem er með sameiginlegt markmið um samdrátt. Hver og einn rekstraraðili innan kerfisins þarf að standa skil á heimildum fyrir sína losun. Að draga úr heildarlosun er hins vegar afar mikilvægt fyrir loftslagið.	6
35.3	Sigrún Birta Sigurðardóttir	Loftgæði	52 metra strompur minnkar hvorki sjónmengun né losun gróðurhúsalofttegunda. Þessir strompar munu mögulega minnka lyktarmengun í bænum eða mögulega bara dreifa henni víðar um bæjarfélagið.	Skorsteinar eru ætlaðir til þess að bæta dreifingu útblástur og minnka styrk mengunarefna, þ.m.t. lyktarvaldandi efna, við jörðu.	8.1
35.4	Sigrún Birta Sigurðardóttir	Mótmæli	Mótmælir endurræingu kísilversins og lýsir reynslu frá fyrri rekstri verksmiðju.	Athugasemd krefst ekki viðbragða framkvæmdaraðila.	
36.1	Sigurður T. Garðarsson og Hannes Friðriksson	Loftgæði	Eiturefna mengunin og heilsuspillandi loftgæði eru helsta áhyggjuefni fólks. Í því tilliti hefur lítið mark verið tekið á athugasemdum frá almenningi. Þvert á móti er gefið í skyn, eins og sýnt er í fyrstu töflu í frummatsskýrslunni, að hlutfallsleg mengun fari minnkandi við aukna framleiðslu í kísilverinu. Jafnframt eru mengunartölur sem eru úr matsskýrslu fyrri rekstraraðila (Stakksbraut 9 frá 2013) án samhengis víð aðrar mengunartölur, ýktar á yfirgengilegan hátt og þær sýndar langt yfir leyfilegum viðmiðunarmörkum. Barbabrellan er að magn eitursins minnki ef eitrið er látið fara út um stromp sem nær 20 metrum hærra en rjáfur síuhússins er. Að ef kolamoli kemur út um þakrjáfur síuhússins að þá verði harm að brjóstsykurmola ef harm fer út um stromp. Til að fyrirbyggja misskilning að þá er hér ekki verið að gefa í skín að mengunartölur Stakksbrautar 9 séu eitthvað réttari en frá Stakksbergi, en samanburður skýrsluhöfunda virðist vera gerður til að rugla fólk í ríminu. ... mynd af töflu 1. í frummatsskýrslunni, ...sýnir betur hvað átt er við. Með handskrifuðu tölunum í dálki "Án endurbóta 1 ofn" er miðað við 4 ofna frá frummatsskýrslu Stakksbrautar 9. (United Silicon) Handskrifuðu tölurnar til hægri við dálkinn "Fullbyggð, 4 ofnar" eru eðlilega uppreiknaðar mengunartölur (1 ofn x 4) þ.e. "með endurbótum 1 ofn" í "fullbyggð 4 ofnar". Þessar tölur sýna tuga prósentu óútskýrðan mun. Engin rök eru	Í töflu 1 í samantekt frummatsskýrslu er sýndur samanburður á hæstu reiknuðu styrkgildum við jörðu innan líkansvæðis við þrjú tilfelli sem öll byggja á sömu losunarforsendum fyrir hvert framleitt tonn kísils. Á myndum í köflum 8.1.3.3 og 8.1.3.4 kemur fram hvar þessi hæstu styrkgildi eru reiknuð. Í töflunni eru bornar saman niðurstöður úr sama líkani fyrir mismunandi tilfelli losunar og framleiðslu; í fyrsta lagi losun um rjáfur síuhúss án endurbóta á 1. áfanga, í öðru lagi losun um skorstein eftir endurbætur á 1. áfanga verksmiðju og í þriðja lagi losun um tvo skorsteina eftir endurbætur og uppbyggingu á 4 áföngum verksmiðjunnar. Gerð er grein fyrir forsendum losunar og útreikninga á dreifingu í köflum 8.1.3.1 og 8.1.3.2. Gildi í töflunni sýna því ekki losun og heldur ekki tölur úr matsskýrslu fyrri rekstraraðila frá 2013. Ekki er rétt að fjórfalda hæsta styrkgildi við losun frá fullbyggðri verksmiðju þó gert sé ráð fyrir að losun fjórfaldist, eins og fram kemur í töflu 8.7, því hraði útblásturs eykst umtalsvert við tilkomu meira loftflæðis þegar tvö síuvirki eru tengd við einn skorstein. Því verður hlutfallsleg aukning hæsta styrkgildis minni en hlutfallsleg aukning losunar eftir tilkomu fjögurra áfanga verksmiðjunnar.	8.1

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
			færð fyrir því að eiturefna útblásturinn minnki við að fleiri ofnar fari í notkun.		
36.2	Sigurður T. Garðarsson og Hannes Friðriksson	Heilsa	<p>Fullyrðing skýrsluhöfunda sem kemur fram í samantekt ii/heilsa og segir: "Áhrif á heilsu eru metin óveruleg" er ósönnuð. Þeir sem halda því fram að áhrif á heilsu verði veruleg eru mun nær líklegum sannleika. Að því er best verðu séð er enginn skýrsluhöfunda með menntun á heilbrigðisviði og því varla hæf til að komast að þeirri niðurstöðu að áhrif á heilsu bæjarbúa verði óveruleg. Það er ljóst að á stuttum rekstrartíma verkmiðjunnar bárust fjölmargar kvartanir vegna lyktar og óþæginda frá útblásturkerfi verkmiðjunnar, t.d. erting í augum og óþægindi í hálsi. Staðfest er að sjúklingar með undirliggjandi öndunaræra sjúkdóma áttu undir högg að sækja þegar ástandið var hvað verst. Mælingar á rekstrartíma verkmiðjunnar sýndu að svokölluð anhydrið efni væru í útblæstrinum og vísbendingar um formeldýð auk annarra hættulegra efna. Skýrsluhöfundar vitna í sóttvarnalækni sem taldi ólíklegt að efnin væru í nægjanlegum styrk til að valda „alvarlegum heilsuspillandi áhrifum". Sóttvarnalæknir gat samkvæmt þessu ekki útilokaði að heilsufarslegur skaði kynni að hljóta af, enda óhægt um vik að sanna skaðann sökum stutts rekstrartíma verkmiðjunnar. Nú er það viðurkennd staðreynd að langvarandi og alvarlegir sjúkdómar koma ekki alltaf strax fram. Krabbamein vegna reykinga kemur ekki fram við fyrstu sígarettu sem reykt er, steinlungu vegna vinnu við asbest koma fram löngu eftir að viðkomandi hafði komist í snertingu við asbestið. Ekki treysta skýrsluhöfundar, sóttvarnalæknir né aðrir sem þekkja til eiturefnanna frá kísilframleiðslunni, sér til að fullyrða að heilsufarsleg áhrif á bæjarbúa verði engin. Skýrsluhöfundar sem lítið vit hafa á málinu segja bara "óveruleg áhrif".</p>	<p>Mat á vægi telst ekki vera fullyrðing og verður sem slíkt seint sannað. Reynslan getur hins vegar leitt í ljós hvort gefnar forsendur og matið hafi verið nálægt lagi. Matið sem fram kemur í frummatsskýrslu er meðal annars byggt á reynslu Norðmanna sem hafa verið með kísilverksmiðjur og sambærilegan iðnað í rekstri við byggð á nokkrum stöðum í áratugi án þess að hægt sé að finna þar heimildir um áhrif á heilsu íbúa. Ekki er verið að gera lítið úr upplifun og reynslu íbúa sem fundu til óþæginda á fyrri rekstrartíma og miða endurbætur þess vegna sérstaklega að því að tryggja stöðugleika í rekstri, auka hreinsun á útblæstri frá öðrum útrásum en frá ofni og bæta dreifingu á útblæstri frá ofni sem hefur veruleg áhrif til lækkunar á styrk mengunarefna í nágrenni verkmiðjunnar.</p>	8.6
36.3	Sigurður T. Garðarsson og Hannes Friðriksson	Heilsa	<p>Þrátt fyrir mikla leit að eigin sögn hafa skýrsluhöfundar engar heimildir um rannsóknir á heilsufari íbúa í námunda við kísilver. Er það forsvaranlegt að heimila starfsemi þar sem vitað er að óþægindin eru til staðar en áhrifin eru ekki vituð. Við frábiðjum okkur slíka lýðheilsutilraun, þar sem heilsa íbúa Reykjanesbæjar verður lögð að veði. Lögmál eiturefnanna breytast ekki þó nýir eigendur komi að kísilverinu.</p>	<p>Ekki hafa fundist heimildir um áhrif á heilsu nágrenna kísilverksmiðja í Noregi sem þó eru margar búnar að vera lengi í rekstri við þéttbýli. Þetta bendir sterklega til að þar hafi íbúar í nágrenni við kísilverksmiðjur ekki orðið fyrir heilsutjóni.</p>	8.6

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
36.4	Sigurður T. Garðarsson og Hannes Friðriksson	Loftgæði	Ekki er heiglum hent að átta sig á áætluðum magnlosunum kolefna og eiturefna út í andrúmsloftið frá kísilverinu í Helguvík. Af því fer tvennum sögum eins og sést í matsskýrslu Stakksbrautar 9. Frá 2013 annars vegar (og kópierað er í matsáætlun Stakksbers í nóvember 2018) og hinsvegar í nýrri frummatsskýrslu þeirra (sjá myndir úr skýrslunum). Aukning kolefnis losunar (CO2) samkvæmt frummatsskýrslu verður 10% meiri en matsáætlunin sagði. Það sem vekur sérstaka athygli og auknum áhyggjum er áætlað magn köfnunarefnisoxíðs (NOx), þ.e. 1.800 tonn á ári, það er 346% meira en matsáætlunin frá 2018 sagði til um. Köfnunarefnisoxíð (NOx) eru lofttegundir sem valda bólgum í öndunarvegi. Þ. e. oxunarefni sem valda oxunarálagi og geta raskað eðlilegum frumkerfum og valdið skemmdum á vefjum og dregið úr ónæmisgetu líkamans. Rúmlega 3,500 tonn af eiturefnum sem blása á út í andrúmsloft bæjarbúa er ógnvænlegt magn.	Í tillögu að matsáætlun var fjallað um mat á umhverfisáhrifum frá fyrri rekstraraðila frá 2013 og forsendur þess í því skyni að leggja mat á hvort fjalla ætti um tiltekna umhverfisþætti í nýju mati. Full ástæða þótti til þess að fjalla um áhrif á loftgæði í nýju mati sem fól í sér endurskoðun á öllum forsendum. Einnig er ætlunin að hafa forsendur losunar varfærnar þ.a. við eðlilegar aðstæður ætti raunlosun að vera sambærileg eða heldur minni en reiknað er með í útreikningum. Losun NOx virtist hafa verið vanáætluð í fyrra mati miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja í dag.	8.1
36.5	Sigurður T. Garðarsson og Hannes Friðriksson	Deiliskipulag	Ekki er ljóst hvort það byggingamagn sem boðað er rúmist innan þess deiliskipulags sem skýrsluhöfundar segjast vinna eftir og miðað er við í þeim teikningum sem kynntar hafa verið. Full ástæða er til, í ljósi annarrar hroðvirkni í skýrslunni, að efast um það.	Fram kemur í frummatsskýrslu að breyta þurfi deiliskipulagi, í samræmi við tilmæli Skipulagsstofnunar, til þess að þegar reist mannvirki samkvæmt leyfum útgefnum af Reykjanesbæ verði í samræmi við skipulagið. Áformaðar endurbætur á verksmiðjunni rúmast innan gildandi deiliskipulags.	4.1.3
36.6	Sigurður T. Garðarsson og Hannes Friðriksson	Ásýnd	Núverandi byggingar blasa við úr efri byggðum bæjarins og þeim byggðum sem næst liggja verksmiðjunni. Einnig eru byggingarnar vel sýnilegar þeim sem leið eiga um Vatnsnes, íbúum Innri Njarðvíkur, og öllum þeim sem leið eiga um Miðnesheiði á leið sinni til beggja bæjarkjarna Suðurnesjabæjar eða í Flugstöðina. Kísilver Stakkbergs, sést jafnframt á björtum dögum frá Hafnarfirði, Seltjarnarnesi og á löngum kafla Reykjanesbrautar, að ekki sé minnst á alla þá ferðamenn sem fá sýna fyrstu sýn á svæðið úr lofti með ásýnd af reykspúandi kísilveri. Það að segja að áhrifasvæði ásýndar kísilverisins sé/verði „ekki umfangsmikið“ er úr takti við allan raunveruleika, og að bæta svo í með því að segja að kísilverið muni falla enn frekar inn í ásýnd landsins og heildayfirbragð svæðisins í framtíðinni er eins og fyrr er sagt reyfarakendur skáldskapur og í besta falli lélegur brandari.	Ásýnd að verksmiðjunni er sýnd á myndum í frummatsskýrslu frá sjónarhornum sambærilegum þeim sem þarna eru nefnd þó ekki hafi verið greind sérstaklega áhrif frá flugleiðum að og frá Keflavíkurflugvelli. Byggingar 1. áfanga sem munu sjást eru þegar komnar fyrir utan skorstein. Vægi áhrifa á ásýnd hefur verið breytt í matsskýrslu í talsvert neikvæð við fulla uppbyggingu verksmiðju. Áhrif við fulla uppbyggingu svæðis eru metin nokkuð neikvæð en gildandi deiliskipulag rúmar mörg og stór mannvirki á iðnaðarsvæðinu.	8.8

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
36.7	Sigurður T. Garðarsson og Hannes Friðriksson	Deiliskipulag	Skýrsluhöfundar frummatsskýrslunnar ganga út frá því í hugmyndum sínum að þeir séu að vinna út frá deiliskipulags breytingu frá 2015, sem vafi er um hvort er í gildi. Full ástæða er til að draga það í efa þrátt fyrir að hún hafi á sínum tíma verið samþykkt, en deiliskipulagsbreytingin var ekki auglýst eða kynnt almenningi og hagsmunaaðilum á fullnægjandi hátt, samkvæmt lögum sem þar um gilda. Sú túlkun er staðfest af Skipulagsstofnun með tölvupósti þann 28.05.2020.	Í frummatsskýrslu kom fram að um annmarka hefði verið að ræða á auglýsingu deiliskipulagsbreytingar frá 2015. Skipulagsstofnun hefur metið það svo að ekki hafi verið um annmarka að ræða sem hefðu átt að leiða til ógildingar breytingarinnar þar sem heimilt sé skv. skipulagslögum að tillögur taki breytingum eftir auglýsingartíma, sjá athugasemd Skipulagsstofnunar í tl. 10.3 í viðauka 11.	4.1.3
36.8	Sigurður T. Garðarsson og Hannes Friðriksson	Leyfi	Í athugasemdum Ríkisendurskoðunar frá maí 2018 er bent á lög og reglugerðir sem eiga við starfsemi kísilversins, en ekkert er fjallað um í grunnmats skýrslunni. Má þar nefna iðnaðarlög nr. 42/1978 og lög nr. 75/2000 um brunavarnir. Á þetta er minnst hér til að ítreka betur umrædda ónákvæmni og hroðvirkni í vinnubrögðum skýrsluhöfunda. Með hliðsjón af fyrrnefndum iðnaðarlögum, sem Stakksbergs fólkíð gleymir að taka tillit til, er vert að íhuga þá hæfni, sem til staðar er hjá félaginu, til að starfrækja kísilver. Enginn með meistarabréf í iðnfræðum er tilgreindur í frummatsskýrslunni eins og ætlast er til í lögnum. Lögin gera einnig kröfu um vottaða starfsmenn í viðskiptum og bókhaldi.	Í kafla 1.3 um leyfi í frummatsskýrslu kemur fram að starfsemi í verksmiðjunni sé háð leyfi frá Vinnueftirlitinu sem skv. túlkun Ríkisendurskoðunar á iðnaðarlögum nr. 42/1978 eigi m.a. að vera háð útgáfu iðnaðarleyfis. Ljóst er að byggingarleyfi verða ekki útgefin án þess að kröfur laga og reglna um brunavarnir séu uppfylltar en ekki er birt yfirlit yfir öll lög sem mannvirkin eiga að vera í samræmi við í frummatsskýrslu. Mat á umhverfisáhrifum fjallar ekki um hvaða starfsmenn verða í verksmiðjunni nema almennt í sambandi við atvinnumálin í umfjöllun um áhrif á samfélag. Nefnd atriði verða til umfjöllunar þegar sótt verður um leyfi sem talin eru upp í kafla 1.3.	1.3
36.9	Sigurður T. Garðarsson og Hannes Friðriksson	Almennt	Geta íbúar Reykjanesbæjar verið öruggir með að Skipulagsstofnun búi yfir nauðsynlegri sérfræðiþekkingu og hafi aðgang að hæfum aðilum til að meta áreiðanleika upplýsinganna um umhverfisáhrif verksmiðjunnar eins og lögin kveða á um? Með tvö feilspor að baki í mengunarmálum, þ.e. fyrri rekstur þessa kísilvers og síðan mengunar-slysasögu kísilversins á Bakka er mikil vantrú á hæfi og raunverulegri þekkingu um áhrif umhverfismengunar á umhverfið, hjá þeim stofnunum sem að koma. Áður var þessi skylda Skipulagsstofnunar ekki eins skýr og í núverandi tilfelli.	Athugasemd snýr að Skipulagsstofnun.	

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd	Viðbrögð	Kafli
36.10	Sigurður T. Garðarsson og Hannes Friðriksson	Almennt	Annað hlutverk Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er í 4. gr. b, en þar er skrifað: "Í mati á umhverfisáhrifum skal greina, lýsa og meta, með tilliti til framkvæmdar, bein og óbein umtalsverð áhrif á eftirfarandi umhverfisþætti:" Þar er í fyrsta af sex stafsettum liðum nefnt "Íbúa og heilbrigði manna". Engum blöðum er um það að fletta, að kísilverið, umhverfi þess og allar framkvæmdir tengdar því hafa bein og óbein umtalsverð áhrif á íbúa Reykjanesbæjar og einnig á heilbrigði þeirra til framtíðar. Þessi grein í lögnum leggur þá skyldu á herðar Skipulagsstofnunar að greina, lýsa og meta hug íbúanna til framkvæmdarinnar. Hjá bæjarstjórn liggur fyrir undirskriftalisti rúml. 10% kjósenda í bæjarfélaginu um að haldin verði íbúakosning um framhald starfrækslu kísilversins. Bæjarstjórn felur sig á bak við formgalla á framkvæmd undirskriftasöfnunarinnar í neitun sinni um að íbúakosningin verði haldin.	Fjallað er um áhrif framkvæmda á íbúa og heilbrigði manna í frummatsskýrslu í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun gefur út álit um mat á umhverfisáhrifum byggt á mati og skrifum framkvæmdaraðila, umsögnum umsagnaraðila og framkomnum athugasemdum almennings og samtaka. Athugasemd um formgalla á framkvæmd undirskriftasöfnunarinnar snýr að bæjarstjórn, ekki framkvæmdaraðila.	
36.11	Sigurður T. Garðarsson og Hannes Friðriksson	Loftgæði	Eins og sýnt er hér að framan er engin raun breyting fyrirhuguð á því eiturmagni sem kemur frá kísilverksmiðjunni. Ef eitthvað er verður mengunin meiri en áður var spáð. Tuttugu metra hæðarmunur á útblæstri eitursins frá því sem áður var getur ekki gert neinn gæfumun. Ástæða þess að Umhverfisstofnun stöðvaði verksmiðjuna 2017 snérist, eins og fyrr er getið, um eituráhrifin (mengunin), sem fólk varð fyrir. Í 3. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir segir: "Með "mengun" er átt við það þegar örverur, efni og efnasamhönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ályktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta." Ef 3.gr laganna nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir hefur eitthvað lögfræðilegt vægi á Íslandi er augljóslega ómögulegt að leyfa þessa starfsemi á ný að óbreyttu. Ef kísilverið fær blessun Skipulagsstofnunar án raun breytinga á eiturmagninu og í kjölfarið leyfi, væntanlega Umhverfisstofnunar, til að fara af stað aftur er borin von að friður verði um starfsemina.	Tilkoma skorsteins mun bæta dreifingu útblásturs til muna eins og fram kemur í niðurstöðum líkanreikninga og styrkur efna með viðmiðunarmörk í reglugerðum verður vel innan þeirra marka. Niðurstöður líkanreikninga benda einnig til að mun minni líkur séu á að lykt muni finnast þar sem styrkur lækkar, sbr. t.d. mynd 8.11 í frummatsskýrslu. Breytt fyrirkomulag losunar, auk þeirra aðgerða sem stuðla að stöðugri og öruggari rekstri, leiða til minni mengunar.	8.1
37	Þórólfur J. Dagsson		Athugasemdir samhljóða bréfi Kristínar Kristinsdóttur.	Vísað er til viðbragða í tl. 6.4-6.4 og 24.2-24.3.	

Nr.	Umsagnaraðili	Flokkur aths.	Athugasemd
38	Agnar Áskelsson	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.
39	Alda Sveinsdóttir	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.
40	Alexander Már Sigurgeirsson	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.
41	Alma Guðnadóttir	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.
42	Anastasiya	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.
43	Anna Birna Gunnlaugsdóttir	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.
44	Anna Hlín Brynjólfssdóttir	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.
45	Anna Karlsdóttir Taylor	Mótmæli	Mótmælir að kísilverið fái áframhaldandi starfsleyfi.
46	Anna Kristjana Egilsdóttir	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.
47	Anna Margrét Ólafsdóttir	Mótmæli	Mótmælir að kísilverið í Helgúvík fái áframhaldandi starfsleyfi.
48	Anna St. Jónsdóttir	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.
49	Anna Steinunn Halldórsdóttir	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.
50	Anna Steinunn Jónasdóttir	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.
51	Anna Þórunn Guðbjörnsdóttir	Mótmæli	Mótmælir að kísilverið í Helgúvík fái áframhaldandi starfsleyfi.
52	Ari Elíasson	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.
53	Arnar Karlsson	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.
54	Aron Arnarsson	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.
55	Aron Arnbjörnsson	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.
56	Auður H. Jónatansdóttir og Aðalsteinn K. Guðmundsson	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.
57	Ágúst Kristinn Eðvarðsson	Mótmæli	Mótmælir opnun kísilversins.
58	Ágúst Páll Árnason	Mótmæli	Mótmælir enduræsingu kísilversins og tekur undir athugasemdir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.
